

Viðhorf ferðamanna og ferðaþjónustuaðila til Hagavatnsvirkjunar í 3. áfanga rammaáætlunar



Anna Dóra Sæþórsdóttir
Anna Mjöll Guðmundsdóttir
Þorkell Stefánsson

Apríl 2016

© Anna Dóra Sæpórsdóttir, Anna Mjöll Guðmundsdóttir og Þorkell Stefánsson.

Útgefandi: Land- og ferðamálafræðistofa, Líf og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands.

Forsíðumynd er af Hagavatni og Eystri-Hagafellsjökli. Ljósmynd: David Ostman.

Prentun: Háskólaprent ehf.

ISBN: 978-9935-9316-4-1

Efnisyfirlit

Myndaskrá	ii
Töfluskrá.....	iii
Formáli.....	iv
1 Inngangur	1
2 Gögn og aðferðir.....	2
2.1 Spurningalistakönnun.....	2
2.2 Viðtalskönnun	3
2.3 Lýsing Hagavatnsvirkjunar	7
3 Viðhorf ferðamanna	9
3.1 Einkenni svarenda	9
3.2 Upplifun ferðamanna.....	11
3.3 Viðhorfskvarðinn	12
3.4 Aðdráttarafl svæðisins að mati ferðamanna.....	14
3.5 Viðhorf ferðamanna til víðerna	15
3.6 Viðhorf ferðamanna til mannvirkja	16
3.7 Viðhorf ferðamanna til virkjana og meðfylgjandi mannvirkja	17
3.8 Viðhorf ferðamanna til Hagavatnsvirkjunar.....	18
4 Viðhorf ferðaþjónustunnar.....	20
4.1 Aðdráttarafl svæðisins að mati ferðaþjónustunnar	20
4.2 Viðhorf ferðaþjónustunnar til innviða	23
4.3 Viðhorf ferðaþjónustunnar til Hagavatnsvirkjunar	25
4.4 Framtíðarmöguleikar svæðisins	28
5 Niðurstöður.....	30
6 Heimildir.....	32
Viðauki.....	1

Myndaskrá

1. mynd: Fyrirhuguð Hagavatnsvirkjun. Fylgigagn með spurningalistakönnuninni.	8
2. mynd. Störf ferðamanna (%).	10
3. mynd. Gistisvæði ferðamanna nóttina fyrir og eftir komuna að Hagavatni.	10
4. mynd. Fossar við Hagavatn sem ferðamenn segjast skoða.	11
5. mynd. Ánægja með náttúru og ferðina um svæðið.	11
6. mynd. Mikilvægi svæðisins fyrir hvíld/endurnæringu og flóttu frá daglegu amstri og áhyggjum.	11
7. mynd. Upplifun ferðamanna við Hagavatn.	12
8. mynd. Skipting ferðamanna með hliðsjón af viðhorfskvarðanum (%).	13
9. mynd. Hversu mikilvæg eru eftirfarandi atriði fyrir þig á ferðalagi þínu um svæðið?	14
10. mynd. Hvað heillar ferðamenn á svæðinu? (%)	14
11. mynd. Aðdráttarafl víðerna og upplifun ferðamanna á þeim.	15
12. mynd. Hvað má vera til staðar án þess að hugtakið víðerni/ósnortin náttúra glati merkingu sinni?	16
13. mynd. Æskileg mannvirki á svæðinu.	17
14. mynd. Hversu æskilegt er að bæta vegi á þessum slóðum?	17
15. mynd. Viðhorf til uppbyggingar virkjana og tengdra mannvirkja.	18
16. mynd. Áhrif fyrirhugaðrar virkjunarframkvæmdar vegna Hagavatnsvirkjunar á áhuga til ferðalaga um svæðið.	19
17. mynd. Áhrif Hagavatnsvirkjunar á áhuga ferðamanna á að ferðast um svæðið (%)	19

Töfluskrá

1. tafla. Viðmælendalisti við ferðapjónustuaðila.	4
2. tafla. Fjöldi, kyn, aldur, dvalarlengd og endurkoma.	9
3. tafla. Þjóðerni (%).	9
4. tafla. Ferðamáti (%).	9
5. tafla. Ferðafélagar (%).	9
6. tafla. Afþreying ferðamanna (%).	10

Formáli

Í þessari skýrslu eru kynntar niðurstöður spurningakönnunar sem gerð var meðal ferðamanna við Hagavatn og viðtalskönnunar við ferðaþjónustuaðila vegna fyrirhugaðrar virkjunar á svæðinu. Um er að ræða vatnsaflsvirkjun á Hagavatnssvæðinu sem er til umfjöllunar, ásamt öðrum virkjunarhugmyndum, í 3. áfanga rammaáætlunar (vernd- og orkunýtingaráætlun).

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu eru færðar þakkir fyrir fjárstuðninginn og starfsmönnum þess, þá sér í lagi Herdís Helgu Schopka sérfræðingi hjá ráðuneytinu fyrir aðstoðina. Formanni verkefnisstjórnar Stefáni Gíslasyni sem og Skúla Skúlasyni formanni faghóps 1 er þakkaður stuðningurinn og skilningurinn á mikilvægi þess að safna þessum gögnum. Meðlimum faghóps 2 þeim Önnu G. Sverrisdóttur, Áka Guðna Karlssyni, Einari Torfa Finnssyni, Guðna Guðbergssyni, Sigrúnu Valbergsdóttur, Sigprúði Stelli Jóhannsdóttur, Sveini Runólfssyni og Sveini Sigurmundssyni er þökkun samvinnan og góð ráð á öllum stigum verksins. Páli Jakob Línal meðlimi í faghópi 3 er þakkað fyrir framlagið en hann bjó til tvær spurningar á spurningalistanum sem snúa að umhverfissálfræði.

Fjölmargir hafa starfað við verkefnið og kann ég þeim öllum þakkir fyrir gott og ánægjulegt samstarf. Guðmundi Björnssyni er þökkun röskleg framganga við að dreifa spurningalistum til ferðamanna auk þess sem hann tók viðtöl við ferðaþjónustuaðila. Anna Mjöll Guðmundsdóttir og Birgitta Stefánsdóttir sáu um innslátt gagnanna. Ásu Margréti Einarsdóttur er þökkun kortagerð. Þorkell Stefánsson sá um tölfræðilega úrvinnslu og gerð mynda og taflna skýrslunnar. Anna Mjöll, Þorkell og verkefnisstjóri skrifuðu skýrsluna. Ingibjörg Elsa Björnsdóttir las yfir handritið og veitti góð ráð varðandi málfar. Ferðamönnum sem svöruðu spurningalistunum er þakkað fyrir að fórna hluta af frítíma sínum í þágu vísindanna og ferðaþjónustuaðilum sem veittu viðtal er þakkað sömuleiðis.

Anna Dóra Sæþórsdóttir

1 Inngangur

Í þessari skýrslu eru kynntar niðurstöður spurningakönnunar, sem gerð var sumarið 2015 og viðtalskönnunar, sem gerð var veturinn 2016 vegna áhrifa fyrirhugaðrar vatnsaflsvirkjunar við Hagavatn sunnan Langjökuls á ferðamennsku og útivist. Rannsóknin er unnin vegna verkefnis sem í daglegu tali kallast rammaáætlun sem leitast við að forgangsraða virkjunarmöguleikum landsins í orkunýtingar- eða verndarflokk. Fyrsti áfangi rammaáætlunar hófst árið 1999 og lauk árið 2003. Á árunum 2004–2010 var unnið að 2. áfanga hennar og er 3. áfangi unninn á árunum 2013–2017. Fjórir faghópar skipaðir sérfræðingum á hinum ýmsu sviðum leggja mat á áhrif virkjananna og leggur einn þeirra, þ.e. faghópur 2 mat á áhrif virkjana á ferðamennsku og útivist. Með hliðsjón af upplýsingum um þær virkjunarhugmyndir sem til umfjöllunar eru í 3. áfanga rammaáætlunar voru rannsökuð áhrif þrettán virkjana á ferðamennsku og útivist þar með talið fyrrnefnd vatnsaflsvirkjun við Hagavatn. Komin er út skýrsla sem greinir frá heildarniðurstöðum spurningakönnana sem gerðar voru meðal ferðamanna á þessum stöðum (Anna Dóra Sæþórsdóttir, Birgitta Stefánsdóttir og Þorkell Stefánsson, 2015). Í þessari skýrslu er greint sérstaklega frá niðurstöðum spurningakönnunar sem gerð var meðal ferðamanna við Hagavatn sumarið 2015 en auk þess er greint frá niðurstöðum viðtalskönnunar sem gerð var meðal ferðaðþjónustuaðila í Árnessýslu, á höfuðborgarsvæðinu og á Norðurlandi veturinn 2016. Markmið rannsóknarinnar er að kanna áhrif Hagavatnsvirkjunar á ferðamennsku og útivist. Leitast er við að varpa ljósi á:

1. Hvert er aðdráttarafl svæðisins fyrir ferðamenn, hvernig skynja þeir svæðið, hversu ánægðir þeir eru með heimsókn sína og hvaða afþreyingu stunda þeir.
2. Hvert er aðdráttarafl svæðisins fyrir ferðaðþjónustuaðila, hvernig nýta þeir svæðið núna og hvernig sjá þeir fyrir sér að nýta það til framtíðar.
3. Hvaða mannvirki eru æskileg á svæðinu að mati ferðamanna og ferðaðþjónustuaðila.
4. Hvert er viðhorf ferðamanna og ferðaðþjónustunnar til hugmynda um Hagavatnsvirkjun.
5. Hvaða áhrif kæmi virkjunin til með að hafa á starfsemi ferðaðþjónustunnar á svæðinu.

2 Gögn og aðferðir

2.1 Spurningalistakönnun

Spurningalistinn samanstóð af 28 spurningum. Margar þeirra voru í nokkrum liðum (sjá viðauka). Flokka má efni spurninganna í eftirfarandi fimm flokka:

1. Almennar bakgrunnsspurningar um aldur, kyn, búsetu og fleira.
2. Spurningar er varða dvöl á svæðinu, t.d. upplifun, aðdráttarafl og ánægju.
3. Spurningar sem raða ferðamönnum á svokallaðan viðhorfskvarða (*e. Purist scale*) og greina þá í náttúrusinna, almenna ferðamenn og þjónustusinna (sjá nánar kafla 3.3).
4. Spurningar um viðhorf til innviða, bæði innviða sérstaklega ætlaða ferðamönnum sem og virkjana og mannvirkja þeim tengdum.
5. Spurningar sem varða viðhorf til virkjana almennt og til viðkomandi virkjunar.

Nokkrar spurningar voru opnar þar sem þátttakendur gátu svarað með sínum eigin orðum. Flestar spurningarnar voru hins vegar lokaðar fjölvalsspurningar þar sem notaður var svokallaður fimm stiga Likert-kvarði, t.d. 1 = mjög óánægð(ur), 2 = óánægð(ur), 3 = hlutlaus, 4 = ánægð(ur), 5 = mjög ánægð(ur). Úr þessu voru meðal annars reiknuð meðaltöl til að gera samanburð á milli hinna ýmsu þátta mögulegan.

Á spurningalistanum voru nokkrar spurningar sem innihéldu orðið svæði eins og t.d. hversu lengi dvelur þú á svæðinu og hvernig upplifir þú svæðið. Hugtakið *svæði* og sú misjafna merking sem ferðamenn leggja í það er vel þekkt vandamál í rannsóknum sem þessari (Hall og Page, 2014). Í þessari rannsókn á áhrifum vatnsaflsvirkjunar við Hagavatn á ferðamennsku og útivist var ekki um að ræða lögformlega skilgreint svæði eins og t.d. friðlandsmörk eða mörk sveitarfélags. Einnig hafa mannvirki eins og vatnsaflsvirkjanir ekki bara áhrif á ferðamenn nákvæmlega á þeim punkti sem mannvirkin eru staðsett heldur teygja áhrifin sig víðar. Ferðamenn ferðast frá einum stað til annars og upplifa ferðalag sitt sem eina heild yfir misjafnlega stór svæði. Til að gera málið enn flóknara, þá getur upplifun ferðmanna á einum stað haft áhrif á upplifun þeirra af mun stærra svæði. Þá er þekking ferðmanna á umhverfinu mjög misjöfn sem hefur enn fremur áhrif á upplifun þeirra á náttúrunni (t.d. Castree, 2005; Demeritt, 2002). Gera má ráð fyrir því að ferðamenn sem eru í sinni fyrstu heimsókn á ákveðnu svæði viti minna um umhverfi þess svæðis, en þeir sem hafa komið þangað oft.

Með spurningalistunum fylgdi kort af viðkomandi rannsóknasvæði ásamt þeim mannvirkjum sem fylgja virkjunarhugmyndinni sem til skoðunar er auk lýsingu á henni (sjá viðauka og kafla 2.3). Á kortinu var auk þess sýndur syðsti hluti Kjalvegjar. Afmörkun kortsins náði suður og austur fyrir

Gullfoss, vestur fyrir Hlöðuvelli og inn á jökultungur Vestari – og Eystri-Hagafellsjökla. Þrátt fyrir þessa afmörkun á „svæðinu“ þá er staðreyndin sú að sumt fólk á erfitt með að lesa kort, þekkir ekki staðhætti eða skoðar kortið ekki vel. Því er mjög líklegt að þegar ferðamenn svara spurningum með tilvísun í „svæðið“, að þá séu þeir ekki að vísa til þess svæðis sem kortið nær yfir sem fylgdi rannsókninni heldur sé hver og einn með sitt hugarkort og svari út frá því.

Gagnasöfnunin stóð yfir frá 22.–26. júlí 2015. Spyrill var staðsettur við skála Ferðafélags Íslands við Hagavatn. Til þess að ná til sem flestra ferðamanna voru spurningalistarnir gerðir á fjórum tungumálum, þ.e. íslensku, frönsku, þýsku og ensku og voru allir sem náðist í beðnir um að svara spurningalistanum. Ferðamenn í skipulögðum hópferðum hafa oft knappan tíma til að svara vegna þess hve dvöl þeirra á staðnum er stutt. Til þess að fá viðhorf þeirra með í úrtakið voru leiðsögumenn beðnir um að taka með sér spurningalista í rútuna og hópferðamennirnir fengnir til að svara á leiðinni frá áfangastaðnum. Leiðsögumennirnir fengu frímerkt umslag hjá spyrli og voru beðnir um að senda spurningalista til baka með pósti. Fáir neituðu að svara, en í heildina fengust 94 útfylltir spurningalistar. Í þessari skýrslu er fyrst og fremst greint frá niðurstöðunum með lýsandi tölfræði og ekki víst að um tölfræðilegan marktækan mun sé að ræða þegar sagt er að eitthvað sé meira eða minna en annað.

2.2 Viðtalskönnun

Tekin voru 22 viðtöl við ferðaþjónustuaðila. Þeir voru valdir með markvissri úrtaksaðferð (e. purposive strategy sample) þar sem leitast var við að tala við þá sem hafa beinna hagsmuna að gæta á því svæði sem virkjunin gæti haft áhrif t.d. með því að vera með ferðir um svæðið eða reka gistingu í næsta nágrenni við umrætt virkjunarsvæði.

Siðferðislega réttlát vinnubrögð í rannsóknum eru mikilvæg. Í eigindlegum rannsóknum er lögð áhersla á að viðmælendur fái tækifæri á að tjá sig um viðkvæm málefni á óþvingaðan hátt. Samkvæmt Punch (2014) eiga öll samskipti rannsakenda og viðmælenda að miðast við að viðmælandi viti að viðkvæmar skoðanir, upplifanir og viðhorf hans séu bundin trúnaði. Trúnaðar er gætt af virðingu við viðmælenda og til að koma í veg fyrir að hann skaðist af því að segja skoðun sína óhindrað sem og til að forðast það að hann velji að dylja mikilvægar upplýsingar fyrir rannsóknina (Hammersley & Traianou, 2012: 121). Besta leiðin til að gæta trúnaðar er að viðmælendur njóti nafnleyndar (Punch, 2014).

Við undirbúning viðtalshlutans var því ákveðið að viðmælendur nytu nafnleyndar en nafn fyrirtækis, félagasamtaka eða stofnunar sem þeir starfa fyrir kemur fram. Gerð er grein fyrir starfsemi fyrirtækis, félagasamtaka eða stofnunar almennt sem og í hvaða landshluta viðkomandi er staðsettur.

Af þeim viðmælendum sem rætt var við starfa sex í nágrenni fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis, þ.e. í uppsveitum Árnessýslu, fjórtán á höfuðborgarsvæðinu og tveir á Akureyri. Fjórir viðmælendanna selja gistingu í nágrenni svæðisins, einn er ferðamálafulltrúi á svæðinu en aðrir skipuleggja ýmis konar ferðir um svæðið. Fimm þeirra eru með gönguferðir um svæðið, fjórir eru með jeppaferðir, fimm koma annað slagið við á svæðinu með sérferðir í hópferðabifreiðum. Einn af þeim býður einnig upp á vélsleðaferðir um svæðið og einn er með hestaferðir um svæðið (1. tafla).

1. tafla. Viðmælendalisti við ferðapjónustuaðila.

Ferðamálafulltrúi uppsveita Árnessýslu	Iceland Protravel, jeppaferðir, sérferðir með hópa og einstaklinga, höfuðborgarsvæðið
Gljásteyn ehf. Gisting í Myrkholtri og skálarekstur í Fremstaveri, Árbúð og Gíslaskála, Árnessýslu	Trex, rútuferðir og hópferðir, höfuðborgarsvæðið
Fannborg, veitingar, gisting og gönguferðir í Kerlingarfjöllum, Kerlingarfjöll, Árnessýslu	Íslenskir fjallaleiðsögumenn, gönguferðir, höfuðborgarsvæðið
Skjótur að Skjóli í Árnessýslu, gisting	Útivist, gönguferðir, höfuðborgarsvæðið
Hótel Gullfoss, gisting og veitingar, Árnessýslu	Ultima Thule, gönguferðir, höfuðborgarsvæðið
Geysishestar, Kjóstaðir, hestaferðir, Árnessýslu	Arctic Adventures, gönguferðir, höfuðborgarsvæðið
Ferðafélag Íslands, skálarekstur í Hagavatnsskála, gönguferðir	Gray Line, rútuferðir og akstur með gönguhópa, höfuðborgarsvæðið
Extreme Iceland, jeppaferðir, höfuðborgarsvæðið	Fjallabak ehf. gönguferðir, höfuðborgarsvæðið
Ísafold, gönguferðir, höfuðborgarsvæðið	Terra Nova, rútuferðir, höfuðborgarsvæðið
Hálendisferðir, gönguferðir á hálendinu, höfuðborgarsvæðið	Ísak, bílaleiga og jeppaferðir, Akureyri
Guðmundur Jónasson, rútuferðir, Höfuðborgarsvæðið	SBA Norðurleið, hópferðabifreiðar, Akureyri

Nánari lýsing á viðmælendum:

- Ferðamálafulltrúi uppsveita Árnessýslu heyrir undir oddvitaneftnd fjögurra sveitafélaga frá Þingvöllum að Þjórsá. Starfið felst helst í ráðgjöf, upplýsingamiðlun, verkefnaþátttöku og verkefnastjórnun auk kynningarmála fyrir ferðapjónustufyrirtæki á svæðinu.
- Á Gljásteyni í Árnessýslu er rekin gistiþjónusta auk skálareksturs í Fremstaveri, Árbúð og Gíslaskála á Kili. Starfsmenn eru tveir á ársgrundvelli og fjórir skálaverðir á sumrin.

- Í Fannborg að Ásgarði í Kerlingafjöllum, er rekin gisting og veitingahús með einn starfsmann á ársgrundvelli og um tíu manns á sumrin. Dótturfélag Fannborgar nefnist Mountains og býður upp á dagsferðir með leiðsögumanni um Kerlingafjöll og nágrenni.
- Skjótur er gistiheimili og veitingahús að Skjóli í Árnessýslu með tvo til fjóra starfsmenn. Fyrirtækið er í samstarfi við ferðaðþjónustuaðila á svæðinu sem er með göngu- og jeppaferðir að Hagavatni.
- Á Hótel Gullfossi í Árnessýslu er rekin gistiþjónusta með fjóra til sex starfsmenn.
- Geysishestar á Kjóstöðum í Árnessýslu eru með gistingu, hestaleigu og hestatengda ferðaðþjónustu með tvö og hálft stöðugildi á ársgrundvelli en sex til átta sumarstarfsmenn. Meðal annars er boðið upp á ferðir um Kjöl og fara í þær allt að 200 manns á ári. Í þessum ferðum er ekki farið að Hagavatni en stefnt er að því í framtíðinni.
- Ferðafélag Íslands hefur verið með skálarekstur við Hagavatn síðan árið 1942. Þangað eru skipulagðar dagsferðir og lengri ferðir annars vegar gönguferðir og hins vegar skíðaferðir. Nokkur hundruð manns ferðast um svæðið á þeirra vegum á ári hverju.
- Extreme Iceland er ferðaskrifstofa á höfuðborgarsvæðinu og starfa þar sjötíu og tveir starfsmenn. Fyrirtækið sérhæfir sig í jeppaferðum með einstaklinga og minni hópa. Boðið er upp á daglegar ferðir að Hagavatni sem hluta af Gullna hringnum.
- Ísafold er ferðaskrifstofa á höfuðborgarsvæðinu sem sérhæfir sig í göngu- og jeppaferðum á hálendinu. Boðið eru upp á ferðir að Hagavatni sem hluta af ferð sem heitir Þingvallahringurinn sem er með vinsælli ferðum fyrirtækisins.
- Hálendisferðir er ferðaskrifstofa sem sérhæfir sig í gönguferðum á hálendinu. Boðið er upp á ferðir með hópa að Hagavatni og gengið meðal annars á Jarlhettarnar.
- Guðmundur Jónasson er ferðaskrifstofa og hópferðafyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu. Hópar á þeirra vegum fara meðal annars yfir Kjöl og skipulagðar eru vélsleðaferðir í Fagradal í nágrenni Hagavatns og um Skálpanes í nágrenni Jarlhetta.
- Iceland Protravel er ferðaskipuleggjandi á Höfuðborgarsvæðinu, með tuttugu starfsmenn á Íslandi, sem skipuleggur pakkaferðir fyrir einstaklinga og hópa. Hópar á þeirra vegum fara yfir Kjalveg og í Kerlingafjöll.
- TREX er hópferðafyrirtæki sem sérhæfir sig í útleigu á hópferðabifreiðum til ferðaskipuleggjenda og í skipulagi ferða fyrir þá. Hjá fyrirtækinu starfa um sjötíu manns. Fyrirtækið fer stöku ferðir með hópa að Hagavatni.
- Íslenskir fjallaleiðsögumenn eru á höfuðborgarsvæðinu. Þeir starfa á afþreyingarsviði og á ferðaskrifstofusviði og hjá þeim starfa um 60 manns. Þeir sérhæfa sig í ævintýraferðum fyrir

14-16 manna hópa. Fyrirtækið skipuleggur fáeinar gönguferðir á svæðinu í kringum Hagavatn fyrir sérhópa.


- Útivist er áhugamannafélag um útivist með höfuðstöðvar á höfuðborgarsvæðinu. Félagið skipuleggur gönguferðir en einnig jeppa- og hjólaferðir og er með um sextíu til áttatíu fararstjóra. Einstaka ferðir eru farnar að Hagavatni en ekki skipulagðar fastar ferðir.
- Ultima Thule er ferðaskrifstofa á höfuðborgarsvæðinu með um fjörutíu starfsmenn. Þeir sérhæfa sig í náttúruferðamennsku, fyrirtækjaferðum, gönguferðum og hjólaferðum og fara með einstaka hópa að Hagavatni.
- Arctic Adventures er móðurfyrirtæki nokkurra afþreyingafyrirtækja meðal annarra Trek Iceland sem sérhæfir sig í gönguferðum á hálendinu. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru á höfuðborgarsvæðinu og þar starfa á bilinu 70-80 manns í heilsársstörfum en um 220 manns yfir háannatímann.
- Gray Line er ferðaskrifstofa, ferðaskipuleggjandi og hópferðafyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu sem sérhæfir sig í dagsferðum í rútu frá Reykjavík, auk þess sem þeir keyra hópa um land allt. Hjá fyrirtækinu starfa um 120-150 manns. Boðið er upp á ferðir yfir Kjöl en ekki að Hagavatni.
- Fjallabak er ferðaskrifstofa á höfuðborgarsvæðinu sem sérhæfir sig í ferðum með minni gönguhópa. Þar starfa þrír heilsársstarfsmenn og tuttugu sumarstarfsmenn. Fáeinar ferðir eru farnar yfir Kjöl. Ekki eru skipulagðar ferðir að Hagavatni en svæðið og Hagavatnsskáli var mikið notaður á árum áður.
- Terra Nova er ferðaskrifstofa á höfuðborgarsvæðinu með hópa- og einstaklingsferðir með tuttugu og níu starfsmenn. Boðið er upp á ferðir þar sem ekið er um Kjalveg.
- IceAk er ferðaskrifstofa á Akureyri með jeppaferðir. Í sumum ferðum þeirra þar sem ekið er um Kjalveg er ekið inn að Hagavatni og stoppað í stutta stund.
- SBA Norðurleið á Akureyri sérhæfir sig í fólksflutningum og er meðal annars með áætlunarakstur á sumrin víða um Norðausturland, auk þess að leigja bifreiðar og leiðsögumenn til annarra ferðaskipuleggjenda. Þeir fara með hópa um Kjalveg og í sumum ferðum er ekið inn að Hagavatni.

Viðmælendur voru spurðir hvers konar starfsemi þeir stunda við Hagavatn og á Kjalvegi, um aðdráttarafl svæðisins, viðhorf til uppbyggingar og breytinga við Hagavatn og á Kjalvegi auk viðhorfa til innviða almennt, viðhorf og áhrif virkjunar við Hagavatn auk framtíðarmöguleika svæðisins fyrir ferðaþjónustuna.

2.3 Lýsing Hagavatnsvirkjunar

Með spurningalistunum fylgdi kort af rannsóknasvæðinu ásamt lýsingu á virkjunarhugmyndum við Hagavatn. Textinn hér á eftir, sem lýsir virkjunarhugmynd að Hagavatni, er að mestu tekin beint úr fylgigögnum spurningalistanna. Rauðir bókstafir í textanum vísa til staðsetningar á korti sem fylgdi með spurningalistunum og sýnir helstu virkjunarmannvirki Hagavatnsvirkjunar (sjá kort á bls. 8 og í viðauka).

Fyrirhuguð virkjun við Hagavatn (R3139A) (Orkustofnun, 2015) er 20 MW og gengur út á að virkja Farið, útfall Hagavatns Stöðvarhúsið væri reist ofanjarðar en þó að hluta inni í fjallshlíð í Brekknafjöllum **(I)** og yrði því lítið sýnilegt. Frá stöðvarhúsinu yrði gerður 1,1 km langur frárennisskurður út í farveg Farsins norðvestan við Einifell. Gerður yrði skurður fyrir yfirfalli úr Hagavatni fyrir flóðvatn. Einnig yrði gerður skurður sem veitti Jarlhettukvísl inn í Hagavatn **(II)**. Byggðar yrðu tvær stíflur. Önnur (25 m há og 200 m löng) staðsett ofan við núverandi útrás úr vatninu ofan við Nýjafoss **(III)** og hin stíflan (15 m há og 280 m löng) ofan við Leynifoss **(IV)**. Báðir fossarnir myndu hverfa. Hagavatn yrði notað sem miðlun sem hefði í för með sér vatnsborðshækkun um 18 m og stækkun þess um 18-19 km² (úr 4-5 km² í 23 km² í hæstu stöðu). Gert er ráð fyrir að vatnsborðssveiflan yrði um 5 m og á vorin þegar lægst er í lóninu væru um 6 km² af lónsstæðinu þaktir jökulleir. Gert er ráð fyrir að tengja virkjunina með jarðstreng að Sultartangalínu. Skjaldbreiðarveg (F338) þyrfti að byggja upp frá Kjalvegi í átt að Hagavatni. Einnig þyrfti að byggja tvo nýja vegi frá Skjaldbreiðarvegi, annan að stöðvarhúsi og hinn meðfram austurhlíð lónsstæðisins að stíflumannvirkjum (1. mynd).



1. mynd: Fyrirhuguð Hagavatnsvirkjun. Fylgigagn með spurningalistakönnuninni.

3 Viðhorf ferðamanna

3.1 Einkenni svarenda

Kynjaskipting svarenda er nokkuð jöfn, 48% konur og 52% karlar og meðalaldur er 43,3 ár. Dvalarlengd þeirra sem sögðust gista á svæðinu er að meðaltali 1,6 nótt en dvalarlengd dagsgesta er að meðaltali 4,1 klukkustundir. Meðallengd gönguferða á svæðinu er 3,2 klukkustundir. Þessum tölum um dvalarlengd verður þó að taka með þeim fyrirvara sem nefndur er í kafla 2.1. Meirihluti svarenda, eða 87%, ferðamanna voru að koma á svæðið í fyrsta sinn, en 13% höfðu komið áður - að meðaltali um 2,8 sinnum (2. tafla).

Rúmur þriðjungur ferðamanna við Hagavatn eru Íslendingar. Svisslendingar og Austurríkismenn eru 26% en Þjóðverjar eru 18% svarenda. Frakkar eru 13% og Tékkar, Pólverjar og Slóvakar eru 4% svarenda. Bandaríkja- og Kanadamenn eru 2% en önnur þjóðerni eru um 2% aðspurðra (3. tafla).

Auk þjóðernis var spurt um ferðamáta, ferðafélaga og afþreyingu. Þessir liðir voru fjölvalsspurningar (hægt að merkja við fleiri en einn möguleika) og samanlagt hlutfall því yfir 100%. Flestir, eða 48%, eru á bílaleigubílum, 41% er á eigin bíl og 9% eru á hópferðabílum. Gangandi eru 9%, þeir sem eru á fjórhjóli eða mótorhjólum auk þeirra sem eru hjólandi eru 3% (4. tafla).

Algengast er að svarendur séu á ferð með fjölskyldunni, eða 70% en 35% eru á ferð með ættingjum og vinum. Um 10% svarenda eru í skipulagðri hópferð og rúmlega 1% eru einir á ferð (5. tafla).

2. tafla. Fjöldi, kyn, aldur, dvalarlengd og endurkoma.

Fjöldi spurningalista (N)	94
Konur (%)	47,6
Karlar (%)	52,4
Meðalaldur (ár)	43,3
Dvalarlengd næturgesta (nætur)	1,6
Dvalarlengd dagsgesta (klst.)	4,1
Lengd gönguferða (klst.)	3,2
Ekki komið áður (%)	87,1
Komið áður (%)	12,9
Komið oft (meðaltal)	2,8

3. tafla. Þjóðerni (%).

Ísland	34,1
Sviss/ Austurríki	25,6
Þýskaland	18,3
Frakkland	13,4
Tékkland/ Pólland/ Slóvakía	3,7
USA/ Kanada	2,4
Aðrir	2,4

4. tafla. Ferðamáti (%).

Bílaleigubíll	47,5
Eigin bíll	41,3
Hópferðabíll	8,8
Gangandi	6,3
Mótorhjól/ fjórhjól	2,5
Hjólandi	2,5

5. tafla. Ferðafélagar (%).


Fjölskyldan	70,3
Ættingjar/ vinir	35,1
Skipulögð hópferð	9,5
Einn á ferð	1,4

Mikill meirihluti, eða 89% svarenda, koma á svæðið til þess að stunda gönguferðir og helmingur skoðar þar jarðfræðifyrirkæri. Tæplega helmingur var í ökuferð og 39% stundar plöntuskoðun á svæðinu (6. tafla).

Flestir þeirra sem heimsóttu svæðið, eða 34%, starfa sem sérfræðingar (læknar, lögfræðingar, kennarar, o.s.frv.). Um 15% eru í stjórnunarstörfum, 13% eru í námi og 13% í skrifstofu- og þjónustustörfum. Eftirlaunaþegar eru 5% ferðamanna, 4% eru í sérhæfðum tækni- og iðnaðarstöfum og 4% eru heimavinnandi (2. mynd).


6. tafla. Afþreying ferðamanna (%).

Gönguferð	89,2
Skoða jarðfræðifyrirkæri	50,5
Ökuferð	48,4
Plöntuskoðun	38,7
Bað í heitri laug	36,6
Fuglaskoðun	22,6
Hestbak	4,3




2. mynd. Störf ferðamanna (%).

Flestir, eða 63% svarenda, gistu á Suðurlandi nóttina fyrir komuna að Hagavatni en 48% áætluðu að gista þar nóttina eftir. Um 20% gistu á höfuðborgarsvæðinu nóttina fyrir og 8% áætluðu að gista þar nóttina eftir. Um 13% svarenda gistu á staðnum (við Hagavatn) nóttina fyrir og 10% áætluðu að gista þar nóttina eftir. Enginn gisti í Kerlingarfjölum nóttina fyrir en 16% svarenda áætluðu að gista þar nóttina eftir, um 2% svarenda gistu á Hveravöllum eða annarsstaðar á Kili nóttina fyrir en 13% áætluðu að gista þar nóttina eftir. Um 3% svarenda gistu á Norðurlandi nóttina fyrir og 5% áætluðu að gista þar nóttina eftir komuna að Hagavatni (3. mynd).



3. mynd. Gistisvæði ferðamanna nóttina fyrir og eftir komuna að Hagavatni.


Kannað var hvort ferðamenn ætluðu að skoða Nýjafoss og/eða Leynifoss en þeir munu hverfa ef af Hagavatnsvirkjun verður. Flestir, eða 79% svarenda, ætluðu að skoða Nýjafoss og 74% svarenda ætluðu að skoða Leynifoss. Um 14% ferðmannanna ætlaði ekki að skoða fossana (4. mynd).



4. mynd. Fossar við Hagavatn sem ferðamenn segjast skoða.


3.2 Upplifun ferðamanna

Mikill meirihluti, eða 92% svarenda við Hagavatn, eru ánægð með náttúru svæðisins og 8% segjast óánægð. Einnig er meirihluti, eða 88% svarenda, ánægð með ferð sína um svæðið, 4% eru hlutlaus og 8% segjast óánægð með ferðir sínar (5. mynd).



5. mynd. Ánægja með náttúru og ferðina um svæðið.

Ferðamenn voru spurðir hversu sammála/ósammála þeir væru fullyrðingunum „Ég kem á stað eins og þennan til þess að geta hvílt mig og endurnært“ og „ég kem á staði eins og þennan til þess að komast í burtu frá daglegu amstri og leggja áhyggjurnar til hliðar“. Alls er 91% svarenda sammála fyrri fullyrðingunni, 6% eru hlutlaus og 3% ósammála. Seinni fullyrðingunni er 91% sammála, 4% eru hlutlaus og 5% eru ósammála henni (6. mynd).



6. mynd. Mikilvægi svæðisins fyrir hvíld/endurnæringu og flóttu frá daglegu amstri og áhyggjum.

Viðmælendur voru beðnir um að lýsa upplifun sinni á eiginleikum svæðisins með því að meta eftirfarandi þætti á 5 stiga kvarða:

- Manngert ↔ náttúrulegt þar sem 1 = mjög manngert og 5 = mjög náttúrulegt,
- Ljótt ↔ fallett þar sem 1 = mjög ljótt og 5 = mjög fallett,
- Áhrifalítið ↔ áhrifamikið þar sem 1 = mjög áhrifalítið og 5 = mjög áhrifamikið,
- Hávært ↔ kyrrt þar sem 1 = mjög hávært og 5 = mjög kyrrt,
- Afskekkt ↔ aðgengilegt þar sem 1 = mjög afskekkt og 5 = mjög aðgengilegt.

Nánast allir, eða 98-99% svarenda, upplifa svæðið sem fallett, áhrifamikið, kyrrt og 96% upplifa það sem náttúrulegt. Skiptar skoðanir eru á því hvort svæðið þykir aðgengilegt, en 42% finnst það aðgengilegt, 22% finnst svæðið hvorki aðgengilegt né afskekkt og 36% finnst það afskekkt (7. mynd).




7. mynd. Upplifun ferðamanna við Hagavatn

3.3 Viðhorfskvarðinn

Viðhorfskvarðinn (*e. purist scale*) er mælitæki sem hefur verið þróað til að greina ferðamenn í hópa út frá viðhorfum þeirra til umhverfis og eiginleika ferðamannastaða. Þar eru ferðamenn greindir í eindregna náttúrusinna (*e. strong purists*), náttúrusinna (*e. purist*), almenna ferðamenn (*e. neutralists*) og þjónustusinna (*e. urbanists*) (sjá t.d. Anna Dóra Sæþórsdóttir, 2007 og Stankey, 1973). Ein spurning spurningalistans var sérstaklega ætluð til að greina svarendur í fjórhöfunda hópa. Spurt var „Hversu mikilvæg eru eftirfarandi atriði á ferðalagi þínu um svæðið?“ og voru talin upp fimmtán atriði er varða náttúruupplifun, mannleg ummerki, mannvirki og mannfjölda.


Um 57% svarenda eru almennir ferðamenn, rúmur fjórðungur eru náttúrusinnar, 12% eru eindregnir náttúrusinnar og 5% ferðamanna við Hagavatn eru þjónustusinnar (8. mynd).



8. mynd. Skipting ferðamanna með hliðsjón af viðhorfskvarðanum (%).

Þegar allir 15 liðir viðhorfskvarðaspurningarinnar eru bornir saman, kemur í ljós að það sem svarendum finnst mikilvægast á ferð sinni um svæðið er að náttúran sé óröskuð og að þeir upplifi þar kyrrð og ró. Af þeim atriðum sem nefnd voru telja þeir síst mikilvægt að hafa áningastaði (bekki og borð) þegar þeir ferðast um svæðið.


Mjög margir, eða 94-95% svarenda, telja mikilvægt að upplifa óraskaða náttúru, kyrrð og ró á ferð sinni um svæðið. Að sjá ekki ummerki um utanvegaakstur er mikilvægt fyrir 79% svarenda og að geta gengið án þess að sjá mannvirki er mikilvægt fyrir 77% svarenda. Um 66% finnst mikilvægt að verða ekki fyrir ónæði af flugumferð, 64% finnst mikilvægt að sjá ekki ummerki eftir aðra ferðamenn og 69% finnst mikilvægt að það séu fáir aðrir ferðamenn á svæðinu. Merktar gönguleiðir eru mikilvægar fyrir 63% svarenda, merkingar á skoðunarverðum stöðum fyrir 53% og skipulögð tjaldsvæði eru mikilvæg fyrir 48% svarenda. Að geta tjaldað án þess að verða var við aðra er mikilvægt fyrir 31% en 40% eru hlutlaus. Að mega tjalda hvar sem er innan svæðisins er ekki mikilvægt fyrir 38% svarenda en mikilvægt fyrir 33% og það sama má segja um mikilvægi göngubrúna. Áningastaðir eru það sem síst þótti mikilvægt en meirihluti svarenda, eða 61%, telja þá ekki mikilvæga, 25% eru hlutlaus og 13% finnst þeir mikilvægir (9. mynd).



9. mynd. Hversu mikilvæg eru eftirfarandi atriði fyrir þig á ferðalagi þínu um svæðið?

3.4 Aðdráttarafli svæðisins að mati ferðamanna


Viðmælendur voru spurðir opinnar spurningar um hvað heillar þá við svæðið. Svör við þessari spurningu voru margvísleg, en eftir kóðun komu fram átta flokkar sem endurspeglar algengustu svörin. Svör margra gesta féllu undir fleiri en einn flokk og er því samanlagt hlutfall herra en 100%. Það sem heillar flesta, eða 41% aðspurðra, er ósnortin náttúra. Náttúra, landslag og umhverfið heillar 33%, einstök náttúrufrýrbrigði (t.d. fossar, jökullinn og grjót) heillar 24% og kyrrð heillar 20% svarenda. Fegurð svæðisins heillar 11% og jarðfræði auk útsýni og víðsýni heillar 6% svarenda (10. mynd).



10. mynd. Hvað heillar ferðamenn á svæðinu? (%)


3.5 Viðhorf ferðamanna til víðerna

Allir viðmælendur telja að víðerni og ósnortin náttúra séu hluti af aðdráttaraflí svæðisins og 98% segjast koma þangað til að upplifa slík svæði. Viðmælendur voru jafnframt spurðir hvort þeir teldu nálæg mannvirki, sem þeir vita af en sjá ekki, hafa áhrif á upplifun þeirra á víðernum/ósnortinni náttúru. Um 29% telja að mannvirki sem þeir ekki sjá myndu hafa áhrif á upplifun þeirra, 20% telja að þau hefðu einhver áhrif, 30% telja þau hefðu lítil áhrif og 22% telja að þau hefðu ekki áhrif á upplifun sína (11. mynd).



11. mynd. Aðdráttarafl víðerna og upplifun ferðamanna á þeim.

Jafnframt var spurt hvað mætti vera til staðar af mannlegum ummerkjum án þess að hugtakið víðerni og/eða ósnortin náttúra glataði merkingu sinni. Hægt var að merkja við fleira en eitt atriði. Um 14% eru þeirrar skoðunar að engin mannleg ummerki megi vera til staðar. Fjallaskálar, stígar eftir göngumenn eða sauðfé, vegslóðar og lagðir göngustígar eru síst taldir vera þess valdandi að hugtakið víðerni/ósnortin náttúra glati merkingu sinni: Hlutfall þeirra sem telja fjallaskála mega vera til staðar er 83%. Um 72% segja stíga eftir göngumenn og sauðfé vera í lagi og 70% telja vegslóða mega verið til staðar. Tæpur helmingur telur lagða göngustíga mega vera til staðar og 30% telja girðingar geta verið til staðar í víðerni. Færri, eða 14%, telja miðlunarlón og vegi mega vera til staðar. Á bilinu 4-7% telja gestastofur, virkjanir, fjarskiptamöstur, vindmyllur og rafmagnslínur mega vera til staðar í víðerni og 1% svarenda telur hótél mega vera til staðar í víðerni/ósnortinni náttúru (12. mynd).




12. mynd. Hvað má vera til staðar án þess að hugtakið viðerni/ósnortin náttúra glati merkingu sinni?

3.6 Viðhorf ferðamanna til mannvirkja

Viðhorf til hvers kyns mannvirkja var á heildina litið frekar neikvætt. Flest þau mannvirki sem voru nefnd þykja frekar óæskileg (meðaltöl á bilinu 1,7 – 2,6) en nokkrar gerðir mannvirkja þóttu æskileg (meðaltöl á bilinu 3,1-4,0) á svæðinu við Hagavatn.


Fjallaskálar, tjaldstæði, úppbyggðir malarvegir, salerni og úppbyggðir malarvegir eru þau mannvirki sem þykja æskilegust á svæðinu. Um 73% þykja fjallaskálar æskilegir, 23% finnst þeir ásættanlegir og 5% óæskilegir. Um 60% þykja tjaldstæði æskileg, 25% ásættanleg og 15% óæskileg. Um 59% þykja úppbyggðir malarvegir æskilegir, 30% ásættanlegir og 11% óæskilegir. Um 56% þykja salerni æskileg, 24% ásættanleg og 10% óæskileg. Um 39% þykja úppbyggðir malarvegir æskilegir, 35% ásættanlegir og 27% finnst þeir óæskilegir.

Önnur mannvirki hafa meðaltal undir 3,0 sem þýðir að á heildina litið þykja þau frekar óæskileg. Akbrýr á vatnsföllum þykja óæskileg að mati 45% svarenda. Jarðvarmavirkjanir, heilsársvegur og matsala þykir óæskileg að mati 60% svarenda. Gestastofa, vindmyllur, slitlagðir vegir, uppistöðulón og fjarskiptamöstur þykja óæskileg að mati 65-68% svarenda. Vatnsaflsvirkjanir, bensínstöðvar og raflínur eru óæskilegar að mati 73-76% svarenda. Verslanir og veitingastaðir eru óæskilegir að mati 81% aðspurðra en þau mannvirki sem þykja síst æskileg að mati svarenda eru hótél (84%) (13. mynd).



13. mynd. Æskileg mannvirki á svæðinu.

Viðmælendur voru spurðir sérstaklega hvort þeim fyndist æskilegt að bæta vegi á svæðinu. Í ljós kom að slíkt þykir óæskilegt. Um 22% þykir æskilegt eða mjög æskilegt að bæta vegi og 20% eru hlutlaus. Um 33% telja óæskilegt og 25% telja það mjög óæskilegt að bæta vegi á svæðinu (14. mynd).



14. mynd. Hversu æskilegt er að bæta vegi á þessum slóðum?


3.7 Viðhorf ferðamanna til virkjana og meðfylgjandi mannvirkja

Spurt var um almennt viðhorf til frekari uppbyggingar mismunandi tegunda orkuframleiðslu þ.e. vatnsaflsvirkjana, jarðvarmavirkjana og vindorku auk uppistöðulóna og raflína. Jafnframt var athugað hvort gerður væri greinarmunur á því hvort þessi mannvirki væru á hálendinu eða á láglendi.

Viðmælendur eru að jafnaði frekar neikvæðir gagnvart flestum tegundum orkuframleiðslu og mannvirkja sem spurt var um. Helst hafa aðspurðir neikvætt viðhorf til frekari uppbyggingu raflína

á hálendinu, en 65% svarenda eru neikvæð og 14% jákvæð. Þá eru 69% neikvæð gagnvart frekari uppbyggingu vatnsaflsvirkjana á hálendinu en 15% jákvæð. Um 66% eru neikvæð gagnvart uppistöðulónum á hálendinu og á bilinu 54-56% eru neikvæð gagnvart jarðvarmavirkjunum og vindmyllum á hálendinu.


Á bilinu 37-42% eru neikvæð gagnvart frekari uppbyggingu vatnsaflsvirkjana, uppistöðulóna og frekari lagningu raflína á láglendi, á bilinu 37-41% eru hlutlaus og 20-24% eru jákvæð. Svarendur hafa hlutlausara viðhorf gagnvart vindmyllum á láglendi en 24% eru neikvæð, 42% hlutlaus og 35% eru jákvæð. Um 42% eru jákvæð gagnvart frekari uppbyggingu jarðvarmavirkjana á láglendi, 30% eru hlutlaus og 28% eru neikvæð (15. mynd).



15. mynd. Viðhorf til uppbyggingar virkjana og tengdra mannvirkja.


3.8 Viðhorf ferðamanna til Hagavatnsvirkjunar

Ferðamenn voru beðnir um að lýsa viðhorfum sínum á virkjunarhugmyndum við Hagavatn og áhrifum þeirra á áhuga þeirra á að ferðast um svæðið. Meirihluti viðmælenda, eða 78%, telja að raflínur myndu hafa neikvæð áhrif á áhuga sinn á að ferðast um svæðið, 21% eru hlutlaus og 1% er jákvætt. Um 75% telja að Hagavatnsvirkjun myndi hafa neikvæð áhrif, 18% eru hlutlaus og 7% eru jákvæð. Um 70% telja að skert rennsli í Farinu myndi hafa neikvæð áhrif, 26% eru hlutlaus og 4% eru jákvæð. Um 72% telja að miðlunarlón vegna Hagavatnsvirkjunar hefði neikvæð áhrif, 23% eru hlutlaus og 5% telja þau hefðu jákvæð áhrif á áhuga sinn (16. mynd).



16. mynd. Áhrif fyrirhugaðrar virkjunarframkvæmdar vegna Hagavatnsvirkjunar á áhuga á að ferðast um svæðið.

Viðmælendur voru spurðir opinnar spurningar þar sem þeir voru beðnir um að lýsa nánar áhrifum virkjunarinnar og tengdra mannvirkja á áhuga þeirra um að ferðast um svæðið. Svörin voru margvísleg en voru flokkuð í neðangreinda sex flokka. Þeir sem telja að fyrirhugaðar virkjanahugmyndir myndu skemma eða spilla svæðinu eru 43% aðspurðra, 27% myndu ekki koma á svæðið og 13% telja að virkjunin hefði neikvæð eða slæm áhrif. Um 6% telja að virkjun á svæðinu myndi ekki hafa áhrif, 5% telja virkjun í lagi ef hún fellur vel að landslagi og 3% telja raflínur vera sjónmengun (17. mynd).



17. mynd. Áhrif Hagavatnsvirkjunar á áhuga ferðamanna á að ferðast um svæðið (%).

4 Viðhorf ferðapjónustunnar

4.1 Aðdráttarafl svæðisins að mati ferðapjónustunnar

Hjá 22 ferðapjónustuaðilum sem rætt var við kom fram að aðdráttarafl svæðisins felst í sérstöku umhverfi með mjög áhugaverðri og kvikri jarðfræði, auðn og öræfum. Svæðið er jafnframt tiltölulega aðgengilegt og nálægt höfuðborgarsvæðinu. Mikilvægustu viðkomustaðir á svæðinu eru Hagavatn sjálft, Nýifoss, Farið, Leynifoss, Jarlhetturnar og Jarlhettudalurinn. Gistipjónustuaðili í uppsveitum Árnassýslu sagði aðdráttaraflið fólgið í því að hafa bæði foss og jökul á sama svæði. „Það er náttúrulega búið að sýna fram á það að fossar eru mikið aðdráttarafl ásamt jöklum og þarna getur þú slegið tvær flugur í einu höggi“. Hann bætti við „að ganga að Farinu, horfa yfir lónið og jökulinn... stundum eru klakar... hann skriður ekkert mikið fram jökullinn en hann er oft gríðarlega fallegur“. Hann sagðist einnig mæla með að ganga að Leynifossi „fyrir kjarkaða menn... að labba yfir fossinn, það er svolítið mál... labba í víkinni og koma niður í Mosaskarð og áfram inn í Hlöðufellið... þetta er bara braun og ofsalega fallegt að sjá þarna yfir“. Hann sagði jafnframt:

Fossinn er gríðarlega fallegur, frá öllum sjónarhornum séð, þú getur horft inn í hann, ef þú horfir í hann að framanverðu... og þú kemst náttúrulega mjög nálægt honum þannig að þú ert að upplifa svolitla orku... það er náttúrulega misjafnt í honum en þegar það er kraftur í honum, þetta er að mínu mati bara fallegur foss.

Starfsmaður Ferðafélags Íslands sagði aðdráttaraflið fólgið í sérstöku umhverfi, öræfakýrrðinni, gönguleiðinni um Jarlhettudalinn og ekki síst hvað svæðið er aðgengilegt frá höfuðborgarsvæðinu.

Umhverfið er náttúrulega stórhrikalegt... tröllslegt umhverfi í lítilli fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu... þarna ertu umkringdur þessum hrikaleika og þessari öræfakýrrð. Þegar maður kemur inn fyrir Jarlhettulínuna þá einhvern veginn myndast þögnin eða það grípur mann einhver svona tilfinning... þú getur keyrt þarna nær jökli en víða annars staðar og gengið á jökulinn úr stuttri fjarlægð þegar þú ert búinn að keyra upp að vatninu.

Aðili á höfuðborgarsvæðinu sem er með gönguferðir um svæðið sagði: „þarna erum við að tala um svæði sem er í mjög góðu aðgengi við höfuðborgina og aðgengilegt allt árið meira og minna“. Hann bætti við „þetta er svo mikið ævintýri að koma þarna að og vera hérna uppi við Jarlhetturnar, af því að þær eru bara ákveðið fyrirbæri“. Aðili með gistirekstur í uppsveitum Árnassýslu sagði. „Þetta er fáfarinn leið, það er svolítið erfitt að fara þarna um... út af stórgryti, þetta er land sem breytist gríðarlega... að sjá hvað snjórin, það færir til grjót og þetta er stórbrotin náttúra... dalurinn sem slíkur er mjög fallegur“. Hann sagði jafnframt:

Að vera við Jarlhetturnar... það er mikil náttúra þarna... þetta er stórbrotið svæði og fyrir okkur sem fara þarna um árlega... þá tekur maður alltaf eftir því hvað þetta svæði breytist, þú veist að jöklarnir þeir skriða fram og breyta ásýndinni, þarna er þetta bara beint fyrir framan nefið á þér.

Starfsmaður Ferðafélags Íslands sagði einnig að örar landbreytingar, sögulegar jarðmyndanir og landslagsheildin með lágmarks mannvirkjum væru hluti af aðdráttarafl svæðisins:

Þarna má lesa í landið t.d. hvernig vatnið hefur breyst... svona jarðfræðilega og jarðmyndanir... landið er eiginlega lifandi... en þarna eru bara breytingar á milli ára... sem hægt er að sjá... Maður gengur... frá Eiríksjökli og upp í Hvítanes og að Hveravöllum, meðfram jöklinum þegar maður upplifir þá að maður sé að ferðast á svona svæði í stórrí landslagsheild án einhvers konar mannvirkja eða inngripa og það eflir eða eykur þessa tilfinningu.

Hestaleiga í Árnessýslu, sem jafnframt er verktaki fyrir stærri ferðaskrifstofu sem sérhæfir sig í hestaferðum á hálendinu, býður upp á ferðir yfir Kjöl og fara með þeim um 200 manns á ári. Að þeirra sögn er aðdráttaraflíð ósnortin náttúra og víðáttan sem heillar en ferðin er söluhæsta hestaferðin sem boðið er upp á „*þessi Kjalarferð, hún er náttúrulega búin að vera best seller hjá þeim frá byrjun... það er eitthvað við þetta að vera þarna á milli jökla og lúkar flott... þvert yfir landið, milli jökla og það er eitthvað sem heillar við þetta... fornar reiðleiðir*“. Hann bætir við „*þetta geta verið gríðarlega friðsæl og skemmtileg svæði þarna í kringum Engjafellið.. maður er eiginlega alveg í friði*“.

Margir viðmælendur lögðu áherslu á að svæðið í kringum Hagavatn væri hluti af stærri landslagsheild. Aðili með gönguferðir sagði t.d.: „*Ég hef verið mikið uppi í Kerlingafjöllum líka og mér er mjög í mun að tengja þetta sem eina landslagsheild, þess vegna labba ég hérna á milli þannig að við förum yfir sko Setubraun og Illabraun og allt þetta*“. Ferðapjónustuaðili í Kerlingafjöllum sagði ákveðinn hluta viðskiptavina sinna stunda lengri gönguferðir og að Hagavatn væri hluti af því svæði fyrir þann markhóp. Aðili með gistirekstur í Árnessýslu dásamaði útsýnið yfir svæðið:

Þetta blasir svo við hérna þegar ég vakna hérna í sólskininu og það verður alveg sjúkt... bara þessi víðátta og óbyggð. Þetta er voðalega óspillt náttúra þarna og bara eins og hún gerist eiginlega best. Maður ímyndaði sér alltaf að maður væri á tunglinu, sérstaklega þarna á milli jökulsins og Jarlhetta... þetta er alveg stórbrotið land

Sá taldi útivistamöguleika svæðisins mikla en að: „*þetta svæði er eiginlega falið leyndarmál*“.

Úr viðtölunum við ferðapjónustuaðilana má lesa að svæðið er frekar lítið nýtt af ferðapjónustunni en er hins vegar mjög mikilvægt fyrir nokkra aðila og þeir nota svæðið mikið. Ferðafélag Íslands hefur verið með skálarekstur þar síðan 1942 auk þess að skipuleggja göngu- og skíðaferðir um svæðið. Nokkuð er um að ferðapjónustufyrirtæki sem gera út á jeppaferðir heimsæki svæðið auk þess sem ferðamenn og útivistarfólk á eigin vegum koma þangað. Viðmælandi Ferðafélagsins segir skálann taka 8 manns í gistingu og samkvæmt gistináttaskrá er þar töluverð umferð. Skálinn er vinsæll meðal útivistarfólks sem kemur þar við, áður en það fer í gönguferðir um svæðið og áætlað viðmælandi Ferðafélagsins að nokkur hundruð manns komi á svæðið á hverju sumri í þeim tilgangi. Ferðaferðafélagið skipuleggur bæði gönguferðir á sumrin og skíðaferðir á veturna um svæðið og bæði dagsferðir sem og lengri ferðir. Vinsælasta gönguleiðin á svæðinu nefnist Jarlhettuslóðaleið en hún liggur frá skála Ferðafélagsins við Hagavatn, vestur að Hlöðufelli, og þaðan suður að Laugavatni þar sem ferðinni lýkur. Þessi ferð hefur verið farin á vegum Ferðafélagsins síðastliðin 6 ár. Fjöldi ferða og þátttakenda er breytilegur milli ára og er hún farin bæði sem hluti af áætlunarferðum Ferðafélags Íslands en einnig er nokkuð um að ferðahópar á

eigin vegum fari þessa gönguleið. Áætlunarferðir eru 2 – 4 á ári með á bilinu 50 – 100 manns samanlagt en áætlað er að um 5 – 10 hópar á eigin vegum gangi leiðina á ári með um 100 – 200 manns samanlagt. Viðmælandi frá Ferðafélags Íslands lýsti tveimur megin hópum á svæðinu, annars vegar „...fólk sem er að koma inn á svæðið til að ganga, göngufólk... sem er að leita að þessari upplifun, frið og viðernis- og óbyggðartilfinningu“ og hins vegar erlendir ferðamenn „...eru niður við Gullfoss og Geysi og ákveða að skreppa þarna uppeftir, hafa kannski heyrt af jöklinum... og þeir eru að koma í dagsferðir... minna að ganga en eru að koma og sjá og eru svo farnir“. Hann sagði það óalgengt að fólk dvelji langdvölum á svæðinu nema þá við rannsóknarvinnu. Tveir aðilar sem sérhæfa sig í gönguferðum sögðu að svæðið hafi verið mikið notað áður fyrr en minna núna. Þar skiptir t.d. fjarlægðin máli: „fyrir okkar markhóp þá erum við ekki komin nógu langt frá massanum sem er við Gullfoss og Geysi og það gerir svæðið ekki eins spennandi fyrir vikið... Við tókum það því út úr okkar reglulegu ferðum... en förum þangað með einstaka sérhópa...“.

Svæðið í kringum Hagavatn er vinsælt hjá ferðaþjónustufyrirtækjum sem eru með jeppaferðir. Viðmælandi hjá slíku fyrirtæki sagði: „þetta er ein af vinsælli ferðum okkar, sem sagt Þingvallabringurinn og svo Hagavatn“. Annar aðili af höfuðborgarsvæðinu sem er með jeppaferðir sagði að á vegum fyrirtækisins sé farið með að minnsta kosti 20 manns að Hagavatni á dag. Hann sagði: „við förum þangað upp á hverjum einasta degi í okkar Gullbring, þá förum við að Hagavatni í svona super jeep ferð þar sem við keyrum upp að vatninu“. Ferðamenn á þeirra vegum eru fyrst og fremst skólahópar í jarð- og náttúrufræðiferðum. „við gerum gríðarlega mikið út á námsferðir, erum í sambandi við tugi bandarískra háskóla og erum að taka kannski 100 háskólahópa þingað næsta sumar í jarðfræðiferðir“. Ferðirnar eru yfirleitt dagsferðir og gista hóparnir ýmist í uppsveitum Árnessýslu eða á höfuðborgarsvæðinu.

...ef við erum á jeppum þá keyrum við þarna upp brekkuna en ef við erum á rútum þá göngum við upp hana, göngum svo gjarnan, tókum oft dag þarna í háskólaferðunum og göngum meðfram vatninu, upp hryggina og upp á jökul og aftur til baka og þá gistum við einhvers staðar niður í Biskupstungum.

Aðili frá hópferðafyrirtæki á Norðurlandi fer með 20-30 hópa á hverju sumri í dagsferðir að Gullfoss og Geysi og bætir síðan Hagavatni inn í ferðina og er þá farið á sérútbúnum bílum. Hagavatn er hins vegar sjaldan viðkomustaður í skipulögðum ferðum um Kjalveg en fyrirtæki fara þangað með hópa sé þess sérstaklega óskað. Gistiþjónustuaðili í Árnessýslu sagði að svæðið mjög lítið notað og að því miður væri það vannýtt af ferðaþjónustunni „þetta er mjög fallett svæði... það er leiðinlegt að það skuli ekki vera meira notað og í betra sambandi, þetta er virkilega fallett svæði“. Hestaleiga í Árnessýslu sagðist ekki bjóða upp á ferðir að Hagavatni í ferð sinni yfir Kjöl vegna þess að „þetta er svolítið erfitt svæði sem er náttúrulega ofboðslega fallett en fyrir bestafólk þá er það svolítið erfitt af því það er vatnslaust og það er stór galli“.

4.2 Viðhorf ferðapjónustunnar til innviða

Þegar ferðapjónustuaðilar voru spurðir um æskileg mannvirki á svæðinu við Hagavatn komu í megin dráttum tvö sjónarmið í ljós. Annars vegar var sú sýn að viðhalda aðdráttarafla svæðisins sem felst í óbyggða- og víðernisupplifun og þar með halda uppbyggingu á svæðinu í lágmarki. Hin sýnin var að bæta aðgengi að svæðinu til að gera það auðveldara að koma með ferðamenn þangað og þar með þyrfti einnig að byggja upp frekari innviði á svæðinu.

Viðmælandi frá Ferðafélagi Íslands sagði mikilvægt að stýra fjölda ferðamanna og nýtingu á ábyrgan hátt. Hann sá fyrir sér: „...að varðveita ákveðna fjallarómantík og öræfakýrrð með því að halda uppbyggingu innviða og þjónustu í lágmarki“. Hann bætti við að þrátt fyrir það væri mikilvægt að tryggja uppbyggingu innviða í samræmi við fjölgun ferðamanna eins og salernisaðstöðu, upplýsingagjöf, stíga, bílastæði og vegi. Hann taldi svæðið vera mjög aðgengilegt nú þegar en ekki væri nema 1 ½ klst. akstursfjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu. Hægt væri að aka eftir ágætum vegi að Hagavatnsskála og þaðan væri jeppafær vegur að Hagavatni. Meðal ferðapjónustuaðila voru skiptar skoðanir um hvort aðgengi að svæðinu væri nógu gott en til að komast að vatninu sjálfu þarf að vera á sérútbúnum bíl eða jeppa. Aðilar í jeppa- og gönguferðum töldu almennt aðgengið að svæðinu gott og aðili í gistirekstri í Árnassýslu sagðist benda þeim viðskiptavinum sínum sem eru á vel útbúnum bílum að heimsækja svæðið: „Í fyrsta lagi þá er tiltölulega auðvelt að fara að Hagavatni, það er bara ágætis vegur ef þú ert á lyftum jeppa“. Aðspurður hvort það væri kostur að hafa betra aðgengi sagði hann „Nei! þetta er að mínu mati ágætis vegur þarna upp eftir og ég er svolítið hissa á því að jeppafyrirtækin skuli ekki fara meira þarna upp eftir“. Aðili sem er með gönguferðir um svæðið sagði „Þarna erum við líka að tala um svæði sem er í mjög góðu aðgengi við höfuðborgina og aðgengilegt allt árið meira og minna“. Flestir töldu hins vegar aðgengi að svæðinu ekki nógu gott fyrir þá gerð ferðapjónustu sem þeir stunda. Aðili sem vinnur að kynningarmálum og upplýsingagjöf á svæðinu sagði: „Ég held að bætt aðgengi sé góð forvörn... þá gengur fólk betur um og heldur sig á vegum“. Rekstraraðili í gistingu í Árnassýslu sagði mjög fáa af sínum viðskiptavinum fara á svæðið: „...af mínum viðskiptavinum er það kannski einn af þúsund sem fer að Hagavatni... flestir eru ekki á bílum við hæfi. Það þarf nútíma samgöngur fyrir þetta fólk. Þetta er ekkert opið almenningi sko... langt því frá“. Flestir viðmælenda í rekstri hópþingreiða- og ferðaskrifstofa með stærri hópa töldu að aðgengi að svæðinu væri slæmt og sumir þeirra töldu að það mætti vera betra. Einn þeirra sagði t.d. að það væri kostur að hafa bundið slitlag alla leið að Hagavatni til að hægt væri að bjóða upp á ferðir þangað í beinni tengingu við Gullna hringinn. Annar sagði að það væri gott að hafa betra aðgengi að jöklinum til útsýnisferða fyrir rútur.

Flestir viðmælendur voru óánægðir með ástandið á Kjalvegi og töldu hann verri sunnanmegin en norðanmegin. Ferðapjónustuaðili í Árnassýslu sem rekur gistingu í nágrenni svæðisins sagði þetta um Kjalveg: „hann tekur ekkert við meiru... það vita það allir... hvernig hann fer...“

Það er alveg sama þó þeir reyni að taka kafla og kafla og byggja hann upp, hann er bara farinn að síga aftur eftir 5 – 6 ár“. Ferðabjónustuaðili í Árnassýslu með gistingu í nágrenni svæðisins sagði: „Ég held að einhver besta veglagning sem hægt væri að gera væri að byggja upp Kjalveginn og ég trúi því að flestir hérna í þessari sveit sjái það að þetta er bara tímaskekkja að þetta sé ekki búið og gert“. Annar aðili í gistirekstri sagði:

Þetta er bara algjör steinöld eins og hann er í dag. Það verður að fara að taka ákvörðun að gera eitthvað eða að loka honum, í alvöru... það er bara ekki lengur hægt að bjóða upp á þetta. Við erum búin að búa við þennan veg í 40 ár og fólk er að tala um rómantikina... á sama tíma erum við að taka á móti fólki hérna í taugaáfalli eftir að vera búnir að fara þennan veg.

Viðmælendur voru ánægðir með þær vegabætur sem verið er að gera á Kjalvegi og þeir sem sérhæfa sig í jeppa-, hesta- og gönguferðum fannst sú þróun jákvæð en þeir vilja síður malbikaðan veg. Ferðabjónustuaðili á höfuðborgarsvæðinu sem sérhæfir sig í jeppa- og gönguferðum sagði: „*vissulega væri gott að hafa betri vegi yfir Kjöl, þetta er samt alltaf hálendi og við verðum að passa okkur gríðarlega að láta okkur ekki detta í hug að gera þarna einhverja vegi sem við höldum að fólk fari að keyra á á veturna“.* Sami aðili bætti við:

Það er verið að byggja upp Kjalveg núna, búið að byggja Kjalveg langleiðina inn í Ábúðir, hann stendur svona 1 til 1 ½ meter upp úr landinu, breiður, frábær vegur, mér finnst sá vegur eða þannig vegir alveg æskilegir en helst alls ekki meiri uppbyggingu... ekki meiri íburð, ekki bundið slitlag...

Flestir viðmælenda hjá hópþífreiðafyrirtækjum sem rætt var við virtust vera nokkuð á móti því að keyra hálendisvegina, þeir segja hálendið ekki vera áherslusvæði og einungis sé hægt að nýta það í 10-12 vikur á sumrin. Þeir sögðu mikill áhugi vera á hálendisferðum hjá litlum afmörkuðum hópi ferðamanna sem þeir séu í sjálfu sér ekki að þjónusta. Ferðabjónustuaðili á höfuðborgarsvæðinu sem býður upp á hópaferðir yfir Kjöl og Sprengisand sagði „*Við höfum verið að beina fólki frekar yfir Kjöl heldur en Sprengisand“.* Hann telur þó báða hálendisvegina það slæma að það sé erfitt að skipuleggja þar ferðir fyrir hópþífreiðaferðir:

Við höfum rætt við þessar ferðaskrifstofur að vera ekki með hálendisvegina þegar það er ekki um að ræða neina endurnýjun og viðhald þá er þetta ekki góður kostur að vera að þvælast þetta... ég meina bíll getur bara... hristst í sundur á leiðinni yfir Sprengisand þegar það fer að líða á sumarið og eftir því sem líður á sumarið því meira álag þegar maður er með þessa fjallabíla... ef maður getur losnað við Sprengisand og helst líka Kjöl jafnvel og Þórsmörk þá værum við í góðum málum. Það er alveg gríðarlega áreynsla á bílana... eins og þetta er... það hefur náttúrulega ekkert verið gert... það er aðeins inni á Kili... þetta er ekki hagkvæmt fyrir rúturnar sko

Aðrir hópþífreiðabjónustuaðilar voru jákvæðari fyrir því að keyra Kjalveg og sögðu undirstöðu þess að hægt sé að bjóða ferðir þangað sé uppbyggður og malbikaður vegur. Ferðabjónustuaðili á Höfuðborgarsvæðinu sem býður upp á rútuferðir yfir Kjöl sagði.

Málið er að lang stærsti hluti ferðamanna eru að koma hingað til að njóta náttúrunnar. Þá er bara spurning hvernig við ætlum að koma þeim í samband við náttúruna. Ætlum við að vera með vonda vegi og engin útskot, engin bílastæði og vegirnir það vondir að allt grjót sem fýkur af stað á hálendinu stoppar á veginum. Um leið og það byrjar að rigna þá breytist vegurinn í árfarveg sem þýðir að þá fara menn að keyra út fyrir veg. Þetta er það sem við sjáum upp á Kjalvegi þegar rignir. En ef vegurinn fer bara aðeins upp úr jarðveginum þá fýkur af honum í staðinn fyrir ofan í hann.

Sami aðili sagði þetta varðandi vegabætur á Kili:

Við viljum helst sjá veg sem liggur sem næst núverandi vegstæði sem er sjálfsprottið stærsta hlutann af leiðinni... Ég fellst alveg á rök Vegagerðarinnar sem segir að það tollir ekki neinn vegur á landinu nema malbika hann, annars fýkur hann í burtu. Ómalbikaður vegur, það er mikil mengun af honum, það er mikil rykmengun. Við erum ekki að tala um neinar hraðbrautir sem leiða til aukins hraða... góður vegur yfir Kjöl mun stytta leiðina norður í land sem mun hafa jákvæð áhrif á stöðum eins og Skagafirði og Húnavatnssýslu.

Viðmælendum fannst mikilvægt að veita ákveðna þjónustu við Kjalveg og að þar væri gott eftirlit með umferð og utanvegaakstri. Ferðaþjónustuaðili í Árnessýslu með gistingu í nágrenni svæðisins sagði þetta um vegagerð og þjónustu við Kjalveg:

Það þarf að gera þetta svona skemmtilegan sumarveg sem er í rauninni bara lagaður, ekki háreistur og ýtt svona ágætlega upp úr landslaginu, svona ½ meter kannski og malbika. Það er stór varasamt að reyna að gera þetta að heilsársveg, þá er alls konar lið sem fer inn á þetta og ég held að það myndi engum vera til framdráttar. Það þarf bara almennilega þjónustu, það þarf bara eftirlit og fólk.

4.3 Viðhorf ferðaþjónustunnar til Hagavatnsvirkjunar

Ferðaþjónustuaðilar skiptust í tvo hópa hvað varðar viðhorf til Hagavatnsvirkjunar og áhrif hennar á ferðaþjónustuna. Þeir sem voru á móti virkjun á svæðinu nefndu helst sem ástæður að öræfaupplifun myndi minnka eða hverfa, virkjun væri lýti á landslagi, fossar myndu hverfa, yfirborð Hagavatns yrði breytilegt auk þess sem raflínur hefðu neikvæð áhrif á upplifun viðskiptavina þeirra. Þeir aðilar sem eru þar með mestu starfsemi þá er að segja jeppaferðir og gönguferðir töldu að virkjun við Hagavatn myndi hafa mjög neikvæð áhrif á starfsemi þeirra. Viðmælandi Ferðafélags Íslands sagði að virkjun við Hagavatn myndi hafa mjög neikvæð áhrif á lykilstarfsemi félagsins eins og rekstur skálans, gönguleiðir og ferðir en forsendur fyrir starfsemi á svæðinu myndi gjörbreytast með tilkomu virkjunar „...*fyrst og fremst út af inngripi í náttúru og landslagsheildar svæðisins. Þetta er inngrip sem er ekki hægt að verja*“. Hann sagði:

Ég lít svo á að [virkjunin] hafi neikvæð áhrif á náttúruna, víðernin, óbyggðartilfinningu og þá landslagsheild sem þarna er. Ef 80% af þeim sem eru að koma til landsins eru að koma út af náttúrunni, óbyggðartilfinningu og kyrrðinni, ef við erum svo að vinna markvisst gegn þeirri upplifun með að setja upp virkjanir inn á þessi svæði, þá tel ég að það hafi neikvæð áhrif. Það myndi til langs tíma, draga úr komu ferðamanna til landsins. Aðdráttaraflíð hjá þeim sem koma til landsins er náttúran... þeir sem eru að koma upp eftir á Gullfoss og Geysi og upp á Kjalveg, þeir eru þar út af náttúrunni. Þess vegna... er það svolítið skrítið að fara að reka niður einhver stærðar mannvirki. Upplifunin sem menn eru að sækjast eftir, náttúru og öræfakýrröðin, sú stemning... hún myndi alveg hverfa með virkjun.

Með tilkomu virkjunar telur hann að ferðamennska á svæðinu myndi breytast og að þar yrði meiri dagsumferð. Hann telur að ferðamennskan myndi þróast við að það kæmi betri vegur. Honum fylgdi meiri rútuumferð og hugsanlega fleira fólk sem myndi koma og stoppa í stuttan tíma. Hann sagði: „*það væri hægt að setja upp sjoppu þarna og fara að selja pulsir eða eitthvað álíka. En upplifunin*

yrði í samræmi við það, myndi gjörbreytast og svæðið væri þarna stórlaskað“. Hann taldi jafnframt mikilvægt að viðhalda landslagsheildinni sem væri hluti af náttúrulegu aðdráttaraflí svæðisins. Hann sagði:

Við erum með raðgöngu í kringum Langjökul. Þeir sem hafa tekið þátt í slíkum gönguferðum upplifa umhverfið og náttúruna sem svona heild og þegar maður sér svæðið... horfir niður í áttina að vatninu, þá er svo erfitt að ímynda sér inngrip og að vatnið eigi að stækka svona mikið og að þarna verði mannvirki, það er bara búið að rjúfa þessa heild.

Aðili á höfuðborgarsvæðinu sem fór stundum með gönguhópa á svæðið talaði einnig um mikilvægi þess að viðhalda landslagsheildinni og hafði sterka skoðun á hugmyndinni um Hagavatnsvirkjun:

Jesus!! Ég trúi þessu ekki... Mér lýst alveg hrikalega á þetta, ég hef verið þarna með frönsku hópana einmitt og þetta er bara algjört... þetta er svo mikið ævintýri að koma þarna Jarlhettuleiðina. Mér finnst það bara hrikalegt... og þarna erum við líka að tala um svæði sem er í mjög góðu aðgengi við höfuðborgina og aðgengilegt allt árið meira og minna og ég segi bara að þarna eru svona framtíðar möguleikar sem maður hefur verið að pæla í en ekki bara búið að koma í framkvæmd og mér fyndist það bara mjög vondar fréttir fyrir ferðaþjónustuna... það er verið að rýra möguleikana.... því fleiri sem koma því margleitari hópur og einhverjir vilja ganga... einhverjir vilja í staðinn fyrir að taka myndir af Geysi... þetta er bara vont fyrir allan markaðinn hefði ég haldið.

Ferðaþjónustuaðili á höfuðborgarsvæðinu sem sérhæfir sig í jeppa- og gönguferðum sagði að starfsemi hans stafi ógn af Hagavatnsvirkjun, *„við erum náttúrulega með fullt af fólki á hverjum einasta degi við Hagavatn og þetta er bara alveg skelfilegt“.* Hann sagði að nú þegar hafi virkjunarframkvæmdir haft neikvæð áhrif á starfsemi sína.

Ég meina núna er ekki lengur hægt að fara á Þeistareyki, þangað fór maður með hópa og gisti, einn af þessum draumastöðum og núna er ekki hægt að fara þangað lengur, það er búið að eyðileggja það. Þannig að ef það á að fara að eyðileggja [Hagavatn] þá þarf að breyta því, það er verið að þrengja ofsalega að okkur með þessari skemmdarstarfsemi allri...

Annar ferðaþjónustuaðili á höfuðborgarsvæðinu sem sérhæfir sig í jeppaferðum sagði *„Mér finnst ekkert ólíklegt að þetta myndi gera það að verkum að okkar ferðum í Hagavatn myndu bara heyra sögunni til“.* Hann taldi svæðið vera óuppgötvað af aðilum ferðaþjónustunnar og í því lægi verðmæti þess.

Um virkjun á svæðinu sagði hann:

Það væri mjög mikil synd. Þetta er aðgengilegt svæði, þetta er þessi ósnortna auðn og mikla náttúra, ástæðan fyrir því að þetta hefur ekki fengið þennan mikla ferðamannastraum og ekki verið mikil nýting er að það er svona aðeins úr, aðal áherslan hefur verið á Gullna hringinn og ég held að þarna séu mikil verðmæti sem bara færu forgörðum undir stíflu og virkjun

Ferðaþjónustufyrirtæki sem fer stundum með gönguhópa um svæðið leist ekki á hugmyndina um Hagavatnsvirkjun og sagði: *„Ég þekki Hagavatnið mjög vel og það er mjög flott svæði og ég meina það er alveg svæði sem gæti verið flott til afþreyinga t.d. til framtíðar. Þannig að virkja þar myndi þá... eyðileggja það“.*

Aðili með gistirekstur í Árnessýslu sagði: *„Það er gríðarlega fallegt að sjá þarna yfir þannig að ég bara vona fyrir alla muni að það verði ekki bróflað við þessu“.* Hann bætti við:

Fossarnir eru mikið aðdráttarafl ásamt jöklinum og þarna getur þú slegið tvær flugur í einu höggi - en um leið og það er komin virkjun þarna... fossinn mun klárlega víkja... Að virkja Leynifoss... það er synd að vera að skemma eitthvað sem auðvelt er að sýna ferðafólki og ferðamaðurinn er bara orðinn það mikilvægur... ég trúi því bara ekki að við þurfum að fórna svona perlum eins og Leynifoss til að þjónusta erlend fyrirtæki í raf... Mér finnst þetta svæði bara alltof dýrmætt... erum við að tala um 20 MW.... þegar fram líða stundir þá stöndum við

sterkari í ferðaðþjónustunni... þetta er orðinn stór atvinnuvegur og ég held að menn þurfi að horfa svolítið í það sérstaklega

Það sem einkenndi aðra viðmælendur var að þeir stunda takmarkaða starfsemi við Hagavatn og sögðu því að Hagavatnsvirkjun myndi hafa lítil sem engin áhrif á sig. Flestir þeirra voru óákveðnir um afstöðu sína og áttu erfitt með að meta kosti og galla virkjunarinnar. Hestaferðaðþjónustuaðili í Árnessýslu sagði

það eru alltaf kostir og gallar, betri vegir þýða betra aðgengi en þetta rask sem allt í einu er þá orðið... að taka einhverja fossa í burtu og þetta geta verið svona (andvarp) þetta geta verið gríðarlega svona friðsæl og skemmtileg svæði í kringum Engjafellið... maður er eiginlega alveg í friði, þetta er alltaf spurning hvaða afstöðu maður á að taka. Maður hefur ekki tekið neina afstöðu í þessu... ekki akkúrat núna en auðvitað verður maður alltaf að horfa til framtíðar. Þó þetta snerti mig ekki akkúrat núna þá er ég alveg handviss um að það á eftir að gera það bara eftir örfá ár.

Hann sagði jafnframt.

ef allt í einu einhver fer að fara þangað með fólk og þá verður bara ekkert nema skeinipappír út um allar trissur og hversu mikil gæði eru það. Það er kannski betra að vera búinn að gera stöðvarhús og vegi þannig að þetta sé klárt... þannig að ég er ekkert í vafa um það að þetta verður allt mjög huggulegt og vel gert og getur alveg orðið þess vegna fyrir túrista að skoða og verður kannski auðveldara að komast þangað með rútur o.s.fr. Það þarf ekkert að verða verra en auðvitað verður þetta ekki eins ósnortið

Hópferðaðþjónustuaðili á Höfuðborgarsvæðinu sagði „*Nýfoss myndi hverfa... það er nú ekki gott út af fyrir sig... eftir því sem að meira er tekið af þessu ósnortna þá verður minna eftir við þessar, hvað á ég að segja ökuferu leiðir*“. Starfsmaður frá Útivist sagði

Ég held að það muni ekki hafa áhrif en það er mjög auðvelt að taka eina framkvæmd út og segja að hún hafi engin áhrif sko. Það þarf að skoða landið í heild sinni. Þetta svæði er áhugaverð pæling, þetta er mjög flott svæði en það er ekkert að gerast hérna, ferðaðþjónustan hefur engan áhuga á þessu svæði og það hefur enginn sýnt neinn áhuga á að byggja upp hérna og þess vegna leggur fólk háspennu línu í gegnum mitt svæðið og eyðilögðu það. Annars værum við með ótrúlega flott öræfi bara nánast í höfuðborginni, 50km frá, eða 55. Algjör synd.

Í hinum hópnum voru þeir sem töldu að virkjun hefði jákvæð áhrif á ferðaðþjónustu á svæðinu voru rök þeirra annars vegar að samgöngubætur vegna virkjunarinnar myndu gagnast ferðaðþjónustunni og hins vegar að lónið myndi minnka sandfok. Aðili sem vinnur að kynningarmálum og upplýsingagjöf á svæðinu sagði „*Ég held að það sé svona almenna skoðunin að það sé kostur að virkja þarna og það er alveg rosalegur mökkur alltaf þarna*“. Gistiþjónustuaðili í Árnessýslu sagði „*Mig langar að losna við moldrokið og ég hugsa að það myndi ganga betur að græða þetta upp þegar verður búið að stoppa þetta*“. Aðili í Árnessýslu sem rekur gistiþjónustu sagði: „*Það sem auðvitað skiptir mestu máli í þessu eru samgöngubætur*“. Annað aðili í gistirekstri taldi að virkjunin myndi hafa lítil áhrif: „*Að virkja þetta svæði það skiptir ekki einu einasta máli sko, það er bara miklar landbætur og betra fyrir okkur, betri samgöngur.. nú þessir aurar fara allir í kaf. Þetta er ótrúleg mengun*“. Þriðji aðilinn í gistiþjónustu sem rætt var við sagði „*Ég hugsa að ferðamennskan myndi í sjálfa sér ekkert breytast nema bara að fólk færi þarna og skoðaði og labbaði*

um og ég alveg 100% viss um að ferðamönnum myndi fjölga...Ef það yrði virkjað þá yrði þetta bara nýr áfangastaður“. Hann sagði jafnframt:

Það yrði bara mjög jákvætt vegna þess að fólk vill komast á bílum en nennir ekki að labba nema þá 1%, það gerir það enginn, það labbar enginn frá bílnum sínum nema bara nokkra metra, að fjölga svona þessum svæðum til að dreifa álaginu þá er náttúrulega Hagavatnsvirkjun mjög góð fyrir þetta svæði.

Ferðaþjónustuaðili á höfuðborgarsvæðinu sem býður upp á ferðir yfir Kjöl taldi framkvæmdina ekki myndi hafa mikil áhrif en fannst þó framkvæmdin skila frekar litlum ávinningi orkulega séð:

Ég sé nú ekki annað en að þetta yrði svona lágmarks risk sko. Þarna kemur þá uppbyggður vegur og auðveldar aðgengi að jöklinum svo væntanlega kæmi þá einhverjir þjónustuvegir upp og það væri hugsanlega hægt að byggja upp veg hérna á einhvern útsýnispunkt. Ég sé ekki stórar neikvæðar hliðar af þessari framkvæmd. Það er nú spurning hvort það eigi að... menn ætli að fara að ráðast í það fyrir bara 20 MW. Ég held að skert rennsli áa það taki enginn eftir því. Af því þeir vita ekki hvernig það var fyrir. Stöðvarhús... bæði já og nei, það fer eftir hvað menn leyfa sér í arkitektúr og hvort þau eru flott í landslagi eða ekki. Þar fyrir utan þá er það náttúrulega langgáfurlegast að setja stöðvarhús inn í jörðina hvort sem er.

Aðili með gistiþjónustu í sveitarfélaginu setti út á raflínurnar:

Línurnar eru fyrir það fyrsta ef þú horfir, kemur upp að Gullfoss þar sem koma áttatíu til níutíu þúsund manns á ári að það sem blasir við þeim að horfa á Jarlhetturnar sem eru gríðarlega fallegar... að horfa yfir að þá eru það línurnar sem að koma inn á allar myndir. Þessar línur eru ekki mikið augnyndi...

4.4 Framtíðarmöguleikar svæðisins

Flestir ferðaþjónustuaðilar töldu fjölmörg tækifæri vannýtt við Hagavatn og að mikil verðmæti væru þar að finna fyrir þróun ferðaþjónustu til framtíðar. Starfsmaður Ferðafélags Íslands sagði „*blutirnir verða að fá að vera svolítið eins og þeir eru og blutirnir verða að fá að þróast svona*“. Hann sagði jafnframt:

Svæðið getur tekið á móti miklu fleira fólki... þarna eru bæði vannýtt tækifæri og það er verið að nýta þau meira og þarna munu fleiri og fleiri hafa störf og tekjur og sveitarfélagið styrkist um leið. Ég held að þetta sé bara það sem er búið að vera að gerast undanfarnir ár og mun gerast í auknum mæli. Ferðaþjónustan haldi áfram að styrkjast og eflast og þarna eru fleiri og fleiri aðilar í heimabyggð, í sveitarfélaginu, sem eru búnir að byggja upp ferðaþjónustu og gistingu og alls konar veitingarekstur og afþreyingu. Þó að við séum að fara með 1-2-3 ferðir og þær eru ekki í þeim tilgangi að græða peninga, þá gætu aðilar verið með, markvisst, ferðaþjónustuaðilar verið miklu meira með skipulagðar ferðir, gönguferðir inn á svæðið í þeim ávinningi að hafa af því atvinnu og tekjur.

Um þátt Ferðafélags Íslands í uppbyggingu á svæðinu sagði hann:

Okkar markmið og framtíðarsýn á svæðinu er að efla gönguleiðina. Efla skálana á svæðinu... við höfum verið að endurnýja Hlöðuvallaskála líka. Við erum núna að endurnýja hesthúsið og endurnýja kamarinn eða salernin, við erum búnir að bora eftir vatni þar og erum að styrkja og efla svæðið. Við erum að halda áfram að merkja og stika og við erum búnir að skrifa árbækur um svæðið og gefa út kort.

Aðili á höfuðborgarsvæðinu sem sérhæfir sig í gönguferðum benti á tækifærin sem felast í nálægðinni við borgina:

Þarna erum við líka að tala um svæði sem er í mjög góðu aðgengi við höfuðborgina og aðgengilegt allt árið meira og minna og ég segi bara að þarna eru svona framtíðarmöguleikar sem maður hefur verið að þæla í en ekki bara búinn að koma í framkvæmd. Sérstaklega eins og staðan er í dag af því að nútímaferðamaðurinn hann er ekki eins og hann var þegar ferðaþjónustan var að byrja hérna á Íslandi... þá voru allir í pakkaferðum á Gullfossi og Geysi. Núna vill fólk uppgötva sjálft, fara inn á svona falda staði, uppgötva eitthvað nýtt, það eru aðrar kröfur, það eru kröfur um einmitt þessi svæði, í rauninni takast á miklir hagsmunir...

Aðili sem vinnur að kynningarmálum og upplýsingagjöf á svæðinu sagði: „þó að það séu ekki ferðamenn þarna núna, hvað gerist á morgun, hvað vitum við“. Hann segir jafnframt um framtíðartækifæri við Hagavatn:

Við erum með massatúrismasvæði þannig að við erum klárlega með rútur og fullt af fólki sem er bara í rútunni og sjá bara Gullfoss og Geysi en við erum líka að sjá í auknum mæli hina hliðina... þá sem vilja brjóta sig úr úr þessu, núna sjáum við meira þá sem vilja eyða meira og fáir saman... svona lúxusferðir hafa verið að aukast svolítið. Auðvitað fer þetta mest í kringum Gullfoss og Geysi og Þingvelli og svo eru menn svona aðeins að reyna að toga þetta... stækka hringinn, búa til keðju... Það hefur ekki verið mikið í umræðunni [að auka ferðamennsku við Hagavatn] en ég sé ekkert því til fyrirstöðu sko af því að umræðan í bransanum er náttúrulega að það þarf að finna fleiri stoppistöðvar og það þarf að brjóta þetta upp að allir séu á sama stað á sama tíma.

Aðili á höfuðborgarsvæðinu sem er fyrst og fremst með skipulagðar hópferðir sagði:

...þó maður vilji... draga úr hálendisferðum og láta beina fólki, hópum og þessum ferðakrifstofum að vera minna á hálendinu en það er alltaf þessi áhugi... og á allra síðustu árum þá eru náttúrulega komnir nýir ferðamenn og kannski öðruvísi. Við erum alltaf að reyna að finna nýja staði... og það er þetta sem við erum að gera út á... eða hampa svolítið mikið sko þetta hálendið og víðerni...

Viðmælandi með hestaleigu í Árnessýslu sagði: „maður kannski horfir til þess að fara meira inn á þetta svæði í framtíðinni ef maður væri búinn að fá nóg af því að ferðast á Kili“. Hann bætti við:

Auðvitað verður maður alltaf að horfa til framtíðar... við vitum að Gullfoss er bara að sprengja utan af sér, en túrisminn þó það sé verið að reyna að stýra honum annað, þá bara kemur hann hingað... í auknum mæli og það er um að gera að finna meiri hluti til að skoða einmitt hérna á svæðinu og þá er þetta rosalega flott svæði eða það getur orðið það. Það vantar alltaf meira... gönguleiðir og svo reiðleiðir... vantar fleiri staði sem hafa eitthvað svona jinx

Aðili á höfuðborgarsvæðinu sem gerir út á gönguferðir sagði: „Hagavatn er alveg svæði sem gæti verið flott til affreyinga t.d. til framtíðar... flottar siglingar að jökli og annað“. Hann sagði jafnframt:

það eru akkúrat svona framtíðarmöguleikar, það er mjög flott... hérna, fjallabakið þarna á bak við og landsvæðið á milli Geysis og... Þingvalla og Langjökul. Mjög fallett landsvæði, fallett til göngu. Þannig við höfum gríðarlega mikil tækifæri hérna á Íslandi til að þróa í ýmsar áttir ef við bara viljum.

Aðili í gistireksti í Árnessýslu taldi mikið óunnið á sviði vetrarferðamennsku og taldi að svæðið væri hægt að: „nýta miklu meira til vetrarferðamennsku“.

5 Niðurstöður

Meiri hluti ferðamanna við Hagavatn er frá Mið- og Vestur-Evrópu og þriðjungur ferðamanna eru Íslendingar. Mikill meirihluti er að koma þangað í fyrsta skiptið og eru flestir á bílaleigubíl eða eigin bíl, en fáir með hópferðabíl. Flestir dvelja þar í frekar stuttan tíma og algengasta afþreyingin er gönguferðir. Samkvæmt viðtölum við ferðaðþjónustuaðila er svæðið einnig notað til lengri gönguferða eins og t.d. um svokallaða Jarlhettuleið en einnig eru farnar raðgöngur umhverfis Langjökul. Slíkir hópar voru hins vegar ekki á ferð á meðan spyrill var á svæðinu. Töluvert er að ferðaðþjónustufyrirtæki séu með jeppaferðir á svæðið og nokkuð er um vélsleðaferðir þar um vetrartímann. Gistiþjónusta á Suðurlandi nýtur góðs af Hagavatni en eða 63% svarenda gistu þar nóttina fyrir komuna að Hagavatni og 48% áætluðu að gista þar nóttina eftir dvöl sína þar. Ferðamenn eru almennt mjög ánægðir með náttúruna á svæðinu og heimsókn sína á svæðið. Helstu viðkomustaðir eru Hagavatn, Nýifoss, Leynifoss, Farið, Jarlhettur og Jarlhettudalur. Mikill meirihluti ferðamanna kemur á svæðið til að upplifa ósnortna náttúru og víðerni og telja það stóran hluta aðdráttarafls svæðisins. Ferðamenn upplifa svæðið jafnframt sem kyrrt, fallett, náttúrulegt og áhrifamikið en jafnframt nokkuð afskekkt og óaðgengilegt.

Öræfakýrrð og fjallarómantík eru mikilvægir eiginleikar svæðisins að mati ferðaðþjónustuaðila og þeir sem nýta svæðið mest í dag vilja halda innviðum þar í lágmarki. Meirihluti viðmælenda var þó þeirrar skoðunar að bæta mætti aðgengi að Hagavatni og að styrkja mætti innviði til að geta tekið við auknum fjölda ferðamanna og veitt nauðsynlega grunnþjónustu eins og salerni og vatn. Ferðamenn telja öll meiriháttar mannvirki óæskileg á svæðunum fyrir utan fjallaskála, tjaldsvæði, malarvegi og salerni. Ferðamenn við Hagavatn eru almennt neikvæðir gagnvart uppbyggingu orkumannvirkja á svæðinu og telja að orkumannvirki muni spilla svæðinu og draga úr áhuga þeirra á að ferðast þangað. Ferðaðþjónustuaðilar skiptust hins vegar í tvo hópa hvað varðar viðhorf til Hagavatnsvirkjunar. Annars vegar þeir sem voru á móti virkjun á svæðinu vegna þess að hún myndi skerða upplifun á óspilltri náttúru, virkjun væri lýti á landslagi, fossar myndu hverfa, yfirborð Hagavatns yrði breytilegt auk þess sem raflínur hefðu neikvæð áhrif á upplifun viðskiptavina þeirra. Hinn hópurinn taldi að virkjun hefði jákvæð áhrif á ferðaðþjónustu annars vegar vegna betra aðgengis að svæðinu og hins vegar töldu þeir að lónið myndi draga úr sandfoki. Hér er um algengan misskilning að ræða. Að mati Landgræðslu ríkisins mun miðlunarlón við þessar aðstæður ekki draga úr hættu á sandfoki heldur muni lón með jafn miklum vatnsborðssveiflum og hér um ræðir leiða til verulegrar aukinnar uppfokshættu á vorin og fyrri part sumars frá þessu svæði. Á þeim árstíma væri vatnsborð lónsins í lægstu stöðu og væru þá um 6 km² af lónsstæðinu þaktir jökulleir sem væri ekki undir vatni. Þá væri mikil hætta á uppfoki og sandfoki þegar vindar blása í þurrviðri. Miðlunarlónið mun því leiða til meira uppfoks frá fyrirhuguðu

lónsstæði en nú er raunin. Mat Landgræðslu ríkisins byggir á reynslu af uppfoki frá Háslóni síðan það var myndað (munnleg heimild: Sveinn Runólfsson, landgræðslustjóri).

Svæðið er mikils virði fyrir þá ferðapjónustuaðila sem nýta svæðið hvað mest í dag en það er fyrir göngu- og jeppaferðir. Álag á vinsælustu áfangastaði á Suður- og Suðvesturlandi er orðið mikið og eru vinsælustu staðirnir að verða afar þétt setnir. Því er mikilvægt fyrir ferðapjónustuna og áframhaldandi vöxt hennar að svæði verði tiltæk til að taka við og þola vaxandi fjölda ferðamanna og þeim markhópi sem forðast fjölmennið. Í því samhengi skiptir svæðið í kringum Hagavatn miklu máli og á verðmæti svæðisins fyrir ferðapjónustuna eftir að aukast enn frekar þegar til framtíðar er litið. Flestir ferðapjónustuaðilar sem rætt var við álíta framtíðamöguleika svæðisins mikla og sáu svæðið sem viðbót við þekkta ferðamannastaði eins og Gullfoss og Geysi, til að létta á þessum ásóttu stöðum eða sem svæði fyrir þá sem vilja komast í framandi umhverfi óspilltrar náttúru.

6 Heimildir

- Anna Dóra Sæþórsdóttir. (2007). Planning nature tourism using the purist scale. Í Helgi Gestsson og Ingjaldur Hannibalsson (ritstj.), *14. Nordic Symposium in Tourism and Hospitality Research* (bls. 12-20). Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Anna Dóra Sæþórsdóttir, Þorkell Stefánsson & Birgitta Stefánsdóttir (2015). *Viðhorf ferðamanna til nokkurra virkjana í 3. Áfanga rammaáætlunar*. Reykjavík: Land- og ferðamálafræðistofa, Líf og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands.
- Castree, N. (2005). *Nature*. London; New York: Routledge.
- Demeritt, D. (2002) What is the 'social construction of nature'? A typology and sympathetic critique. *Progress in Human Geography*, 26(6), pp. 767-790.
- Hall, C.M. & Page, S.J. (2014) *The Geography of Tourism and Recreation: Environment, Place and Space*. Abingdon, Oxon: Routledge.
- Hammersley, M. og Trainou, A. (2012). *Ethics in Qualitative Research*. London: SAGE
- Orkustofnun (2015). *Virkjunarkostir til umfjöllunar í 3. áfanga rammaáætlunar*. Erla Björk Þorgeirsdóttir, Kristinn Einarsson, Skúli Thoroddsen, Linda Georgsdóttir, Jónas Ketilsson og María Guðmundsdóttir. R3139A Hagavatnsvirkjun, viðauki 34 af 92 við skýrslu Orkustofnunar OS-2015/04, Sjá: <http://os.is/gogn/Skyrslur/OS-2015/OS-2015-04-Vidauki-34.pdf>
- Punch, K.P. (2014). *Introduction to Social Research, Quantitative & Qualitative approaches*. London: SAGE.
- Stankey, G. H. (1973). *Visitor perception of wilderness recreation carrying capacity* (USDA Forest Service Research Paper INT-142. bindi). Ogden, Utah: Intermountain Forest & Range Experiment Station, Forest Service, U.S. Dept. of Agriculture.

Viðauki

Spurningalisti og fylgigögn spurningakönnunarinnar



Könnun meðal ferðamanna við Hagavatn

Könnun þessi er lútur í rannsókn á áhrifum vatnsaflsvirkjunar við Hagavatn á ferðamennsku á svæðinu (sjá meðfylgjandi kort og lýsingu). Verkefnið er unnið á vegum Hátíðla Íslands vegna Rannveizluáttakinnar (Áttáttán um vernd og orkuskiptingu landsvæðis). Það tekur um 10-15 mínútur að svara spurningunum.

Þakka þér kærlega fyrir þátttökuina!

1. Hversu lýsandi finnst þér eftirfarandi orð fyrir svæðið á meðfylgjandi korti?

	mjög	frekar	hvorki né	frekar	mjög
1 Náttúrulegt	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5 Mannigert
2 Kynrt	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5 Hávæst
3 Aðgengilegt	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5 Óaðgengilegt
4 Falllegt	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5 Ljótt
5 Ahnfamikið	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5 Ahnfalkið

2. Hvað heillar þig við svæðið? _____

3. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með eftirfarandi:

	mjög óánægð(ur)	hvorki né óánægð(ur)	mjög ánægð(ur)
1 Drölinn á svæðinu	☐ 1	☐ 2	☐ 3 ☐ 4 ☐ 5
2 Náttúru svæðisins	☐ 1	☐ 2	☐ 3 ☐ 4 ☐ 5
4. Hvað gerðir þú/ ætlar þú að gera á meðan dvöl þinni stendur?			
<i>Vinsamlega merktu fleiri en eitt annað ef við á</i>			
☐ 1 Gönguferð _____ klst	☐ 6 Veðra		
☐ 2 Hæstirferð _____ klst	☐ 7 Flúðasigling		
☐ 3 Ökuferð _____ klst	☐ 8 Bæta mig í heitri laug		
☐ 4 Skoða fugla	☐ 9 Skoða jarðfræðifræðibæni		
☐ 5 Skoða plöntur	☐ 10 Annað: _____		

5. Var eitthvað sem þú komst til að sjá/ gera öðru fremur?

☐1 Já, hvað? _____ ☐2 Nei

6. Hvað dvelur/dvaldir þú lengi á svæðinu?

_____ mín. _____ klst. _____ nætur

7. Hefur þú ferðast áður um þetta svæði? ☐1 Já, hve oft? _____ ☐2 Nei

8. Hversu æskilegt eða óæskilegt þú telur vera að bæta vegi á þessum slóðum?

mjög æskilegt	frekar æskilegt	hlutlaus	frekar óæskilegt	mjög óæskilegt
☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5

9. Hversu mikilvæg eru eftirfarandi atriði fyrir þig á ferðalagi þínu um svæðið?

	alls ekki mikilvægt	ekki mikilvægt	hvorki né vægt	mjög mikilvægt
1 Merktar gönguleiðir	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4 ☐ 5
2 Lagðir göngustígir	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4 ☐ 5
3 Göngubeyr	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4 ☐ 5
4 Að hægt sé að njóta kyrrðar	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4 ☐ 5
5 Að hægt sé að upplifa óaskaða náttúru	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4 ☐ 5
6 Áningarstaðir (bækkir og borð)	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4 ☐ 5
7 Að það séu fáir aðrir ferðamenn	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4 ☐ 5
8 Að ekki sjáist ummerki um utanvegagæstur	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4 ☐ 5
9 Að geta gengið án þess að sjá mannvirki (önnur en fjallakla)	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4 ☐ 5
10 Að ekki sjáist ummerki eftir aðra ferðamenn	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4 ☐ 5
11 Að skoðunarverðir staðir séu merktir	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4 ☐ 5
12 Skipulögð tjaldsvæði	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4 ☐ 5
13 Að mega tjalda hvar sem er innan svæðisins	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4 ☐ 5
14 Að geta tjaldað þar sem þú verður ekki var við aðra	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4 ☐ 5
15 Að verða ekki fyrir ónáði af flugumferð	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4 ☐ 5

10. Finnst þér viðemi/ósnortin náttúra vera hluti af aðráttarafi svæðisins?

☐1 Já ☐2 Nei ☐3 Enga skoðun

11. Komstu á þetta svæði til að upplifa viðemi/ósnortna náttúru?

☐1 Já ☐2 Nei ☐3 Enga skoðun

12. Hafa nálag mannvirki, sem þú veist af en sérð ekki, áhrif á upplifun þína á viðernum/ósnortinni náttúru?

engin	lítil	einhver	frekar lítil	mjög lítil	engar skoðun
☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0

13. Hvað má vera til staðar af neðangreindu án þess að hugtakið viðemi/ósnortin náttúra glati merkingu sinni? *Vinsamlegast merktu við fleira en eitt annað ef við á*

- ☐1 Elskert
- ☐2 Fjallaklár
- ☐3 Hótel
- ☐4 Vegir
- ☐5 Veggslóðar
- ☐6 Gröðingar
- ☐7 Þjónustumiðstöðvar
- ☐8 Rafliður
- ☐9 Fjaraskiptamóstur
- ☐10 Virkjanir
- ☐11 Miðbunaríön
- ☐12 Vindmyllur
- ☐13 Lagðir göngustígir
- ☐14 Stígar myndarir af umferð manna og dýra

14. Hvern eftirlitinnna fossa ætlar þú að skoða í þessari ferð?

☐1 Nýjafoss ☐2 Leytnifoss ☐3 Hvortugan

15. Hvaða áhrif myndi Hagavatnsvirkjun og meðfylgjandi virkjunamannvirki hafa á áhuga þinn á því að ferðast um svæðið?

	mjög neikvæð	frekar neikvæð	engin áhrif	frekar jákvæð	mjög jákvæð	engar skoðun
1. Hagavatnsvirkjun	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
2. Möðubadón	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
3. Skert sennsl í Fátinu	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
4. Rafhlina	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0

16. Lýstu nánar áhrifunum sem fyrirnefnd virkjunamannvirki hefðu á áhuga þinn á því að ferðast um svæðið _____

17. Hversu jákvætt eða neikvætt viðhorf þitt er til eftirfarandi:

	mjög neikvætt	frekar neikvætt	hroki né	frekar jákvætt	mjög jákvætt
1. Frekari uppbyggingar vatnsaflsvirkjana á hálendinu	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
2. Frekari uppbyggingar vatnsaflsvirkjana á láglandi	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
3. Jarðvarmavirkjana á hálendinu	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
4. Frekari uppbyggingar jarðvarma- virkjana á láglandi	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
5. Vindmylla á hálendinu	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
6. Vindmylla á láglandi	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
7. Uppistöðulóna á hálendinu	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
8. Uppistöðulóna á láglandi	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
9. Frekari lagningar rafhlina á hálendinu	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
10. Frekari lagningar rafhlina á láglandi	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5

18. Hversu sammála/ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum?

	mjög ósammála	ósammála	hlutlaus sammála	mjög sammála
1. Ég kem á staði eins og þennan til þess að komast í burtu frá daglegu amstri og leggja áhyggjurnar til hliðar	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 5
2. Ég kem á staði eins og þennan til þess að geta hvílt mig og endurnært („hláðit batteríin“)	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 5

19. Hvað finnst þér um eftirlitin mannvirki á svæðinu?

	mjög ósakleg	frekar ósakleg	ísettun- leg	frekar sakleg	mjög sakleg	veit ekki
1. Oppbyggðir malarvegir	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
2. Oppbyggðir malarvegir	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
3. Vegir með bundnu slitlagi	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
4. Heilsárvagar	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
5. Akbrýr á vatnsföllum	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
6. Vatnsaflsvirkjanir	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
7. Jarðvarmavirkjanir	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
8. Uppistöðulón	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
9. Rafhlínur	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
10. Vindmyllur	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
11. Hótel	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
12. Fjallaskólar	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
13. Tjaldstæði	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
14. Verslanir/veitingastaðir	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
15. Bensínstöðvar	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
16. Salerni	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
17. Matsala	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
18. Gestastofa	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
19. Fjarisíptanöstur	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0

20. Kyn ☐ 1 Kona ☐ 2 Karl 21. Aldur: _____ ár

22. Hvar býrðu (póstnúmer)? _____

23. Hvar muntu gista næstu nótt? _____

24. Hvar gistir þú síðustu nótt? _____

25. Með hverjum ferðast þú? *Vinsamlega merkt við alla kosti sem eiga við*

- ☐ 1 Ein/n í ferð ☐ 2 Með fjölskyldunni
☐ 3 Áttungum/vinum ☐ 4 Í skipulagðri hópförð
☐ 5 Vinna-/klabbfélögum ☐ 6 Öðrum, hverjum? _____

26. Hvernig ferðast þú? *Vinsamlega merkt við alla kosti sem eiga við*

- ☐ 1 Á eigin bíl ☐ 2 Á bílaleigubíl ☐ 3 Í hópförðabíl
☐ 4 Á mótorhjól ☐ 5 Hjólandi ☐ 6 Gangandi
☐ 7 Ríðandi ☐ 8 Öðruvísi, hvernig? _____

27. Við hvað starfar þú?

- ☐ 1 Nemandi ☐ 2 Skrifstofu-/þjónustustörf
☐ 3 Ófaglærð/ur ☐ 4 Eftirlaunabægi
☐ 5 Stjórnunarstörf ☐ 6 Sérhæfð tækni- og iðnaðarstörf
☐ 7 Heimavinnandi ☐ 8 Sérfræðingur (læknir, lögfræðingur, kennari, o.s.frv.)
☐ 9 Annað: _____

Hagavatnsvirkjun (vatnsaflsvirkjun 20 MW)

Lýsing: Fyrirhuguð virkjun við Hagavatn gengur út á að virkja Farið, útfall Hagavatns.

Stöðvarhús og önnur mannvirki: Stöðvarhúsið væri reist ofanjarðar en þó að hluta inni í fjallshlíð í Brekknafjöllum **(I)** og yrði því lítið sýnilegt. Frá stöðvarhúsinu yrði gerður 1,1 km langur frárennisskurður út í farveg Farsins norðvestan við Einifell. Gerður yrði skurður fyrir yfirfalli úr Hagavatni fyrir flóðvatn. Einnig yrði gerður skurður sem veitti Jarlhettukvísl inn í Hagavatn **(II)**.

Stíflur: Byggðar yrðu tvær stíflur. Önnur (25 m há og 200 m löng) staðsett ofan við núverandi útrás úr vatninu ofan við Nýjafoss **(III)** og hin stíflan (15 m há og 280 m löng) ofan við Leynifoss **(IV)**. Báðir fossarnir myndu hverfa.

Lónsstæði: Hagavatn yrði notað sem miðlun sem hefði í för með sér vatnsborðshækkun um 18 m og stækkun þess um 18-19 km² (úr 4-5 km² í 23 km² í hæstu stöðu). Gert er ráð fyrir að vatnsborðssveiflan yrði um 5 m og á vorin þegar lægst er í lóninu væru um 6 km² af lónsstæðinu þaktir jökulleir.

Tenging við raforkukerfið: Jarðstrengur að Sultartangalínu.

Vegaframkvæmdir: Skjaldbreiðarveg (F338) þyrfti að byggja upp frá Kjalvegi í átt að Hagavatni. Einnig þyrfti að byggja tvo nýja vegi frá Skjaldbreiðarvegi, annan að stöðvarhúsi og hinn meðfram austurhlið lónsstæðisins að stíflumannvirkjum.

